

Einangrun brýtur mannsandann

Vigfús Bjarni Alfreðsson sjúkrahússprestur segir það ákveðna áfallavinnu að kenna fólki að reyna ekki að lesa hugsanir, heldur efla getuna til að tjá sig og spyrja spurninga. – sjá síðu 10



IS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega
Heimsins Minnsti
Úbra
Framleiðandi



JS Watch co.
 REYKJAVIK

L
ÚRSMÍÐAMEISTARI
OKKAR MISSIR ALDREI
EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

Sif N.A.R.T. 1948
Vatnspétt niður
á 1000 metra



Dimmblá burstuð skifa
með sjálfvísandi stöfum
og vísun

Handsaumuð leðuról
úr hágæða leðri

Burstaður kassi
úr 316L læknastáli

Svissneskt sjálfvindugangverk
í hæsta gæðaflokki

GILBERT
 ÚRSMÍÐUR
 Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Enskir landsliðsmenn brutu reglur hér á landi í gær – Fengu íslenskar stúlkur upp á hótél Leikmenn enska landsliðsins í knattspyrnu, Mason Greenwood og Phil Foden, brutu gegn íslenskum sóttvarnalögum um síðustu helgi með því að lauma gestum í heimsókn.

2 Lára segist hafa gert mistök með því að taka heimsóknina í gær upp – „Ég finn til með kærastunni“ Lára Clausen tók upp myndband af enskum knattspyrnumönnum brjóta sóttvarnareglur á Íslandi.

3 Svona komust konurnar inn á Hótél Sögu – „Er þetta ekki bara casual Sunday? What the Fuck!“ Ensku landsliðsmennirnir bókuðu tvö aukaherbergi á Hótél Sögu til að taka á móti gestum og brutu sóttvarnalög.

4 Fleiri íslenskar stelpur voru í samskiptum við stjórnur Englands – „Ég fór ekki á hótelið“ Ensku knattspyrnumennirnir buðu fleirum í heimsókn.

5 Sjáðu myndirnar: Glæsibústaður Bjössa og Dísu í World Class Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir eiga glæsibústað við Þingvallavatn.

6 Sjáðu myndirnar úr enskum blöðum – Berrassaður á Hótél Sögu Enskir fjölmiðlar birtu myndir af Phil Foden knattspyrnumanni sem bæra á sér afturendann.

7 Konurnar í lífi Mason Greenwood og Phil Foden Fókus fjallaði um konurnar í lífi fótboldrengjanna sem brutu sóttvarnareglur.

8 Koma íslensku konunum til varnar – Nadía með óbragð í munni eftir að hafa verið sökuð um vændi Íslensku konurnar sem heim sóttu ensku knattspyrnumennina á hótél Sögu voru opinberlega smánaðar. Nokkrir þekktir einstaklingar stígu fram þeim til varnar.

9 11 ára sendi besta vini sínum skilaboð – „Öll systkini mín eru dain“ Fyrir viku fundust lík fimm systkina á heimili þeirra í Þýskalandi.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Forstöðukona Skjóls hættir

Eftir umfjöllun DV um starfsemi hjúkrunarheimilisins Skjóls í síðustu blöðum voru allir starfsmenn boðaðir á starfsmannafund. Var þar leitað að uppljóstrara DV. Aðstandendur heimilismanna voru fullvissaðir um að umfjöllun DV ætti ekki við nein rök að styðjast og byggðist á misskilningi. DV áréttaði því að umfjöllun byggði á samtali við fjölda heimildarmanna sem allir hafa þekkingu á starfsemi og barst DV fjöldi frásagna í kjölfarið sem studdu við fréttatitlinginn. Á fundinum kom jafnframt fram að forstöðukona hjúkrunar, Guðný H. Guðmundsdóttir, muni láta af störfum um mánaðamótin. Starfsmenn Skjóls fullyrtu á fundinum að fréttatitlingur DV gæfi raunsæja mynd af stöðu mála.

Ákært fyrir morð


Karlmaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir morð. Er honum gefið að sök að hafa kastað öðrum manni fram af svölum í Úlfarsárdal í desember á síðasta ári. Maðurinn er sagður neita sök en í ákæru er hann sagður hafa veitt þeim látna hnefahögg, spörk, þungt högg í höfuðið og í kjölfarið kastað honum fram af svölunum. Fallið niður af svölunum var tæpir sjö metrar og hafnaði hinn látni á steyptri stétt og lést þar af áverkum sínum.

Krabbameinsfélagið í vörn

Krabbameinsfélag Íslands hefur staðið í ströngu eftir að upp komst um mistök við sýnatöku sem meðal annars urðu til þess að kona hefur greinst með ólæknandi leghálskrabbamein. Mistök hafa verið rakin til mannlegra mistaka starfsmanns sem hefur lokið störfum hjá félaginu. Málið hefur vakið mikinn óhug meðal kvenna sem hafa áhyggjur af því að þær hafi einnig fengið ranga niðurstöðu úr sýnatöku. Krabbameinsfélagið fer nú yfir um sex þúsund sýni og af þeim 2.200 sýnum sem yfirferð var lokið á í vikunni reyndust ríflega fimmtíu konur með vægar frumubreytingar.

Sóttvarnabrot vekur heimsathygli

DV greindi frá því á mánuðag að tveir meðlimir enska landsliðsins í knattspyrnu, Phil Foden og Mason Greenwood, hefðu brotið sóttvarnalög hér á landi er þeir buðu stúlkum í heimsókn á Hótél Sögu. Málið vakti heimsathygli og hafa knattspyrnumennirnir verið sektaðir samkvæmt íslenskum lögum og eiga yfir höfði sér agaviðurlög, auk þess sem þeim var meinað að taka þátt í næsta landsleik enska liðsins við Danmörku.



Jesús með brjóst

Biskupsstofa auglýsti sunnudagaskólann með nýstárlegum hætti á dögum. Fyrir valinu varð auglýsing sem sýndi trans Jesús. Auglýsingin vakti mikla athygli, oft neikvæða og hafa margir í kjölfarið sagt sig úr Þjóðkirkjunni. Sviðsstjóri fræðslusviðs Þjóðkirkjunnar, séra Hildur Björk Hörpudóttir, útskýrir myndina á þann veg að Kristur sé fyrir alla, ekki bara hvíta gagnkynhneigða karlmenn. Hann geti því vel verið karl með brjóst eða kona með skegg og geti vel verið trans einstaklingur. Urgur mun vera á meðal presta vegna málsins sem skiptast í tvær fylkingar. Þeir sem eru ánægðir með trans Jesús og þeir sem eru það ekki.

Jón Baldvin ákærður

Ráðherrann fyrrverandi, Jón Baldvin Hannibalsson, hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot. Jón Baldvin greindi sjálfur frá þessu í aðsendri grein í Morgunblaðinu. Meint brot Jóns Baldvins gegn fjölda kvenna hafa verið áberandi í umræðunni undanfarinn áratug eða svo, en þetta er í fyrsta sinn sem ákæra er gefin út á hendur honum.

VEGNA MIKILLAR SÖLU UNDAFARNA MÁNUÐI VANTAR OKKUR ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.

KJÖREIGN FASTEIGNASALA - TRAUST OG ÖRUGG FASTEIGNASALA Í 40 ÁR



Ásta María Benónýsdóttir
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061



Sigurbjörn Skarphéðinsson
Löggiltur fasteignasali,
skjalagerð.
sigurbjorn@kjoreign.is
533-4040



Dan Valgarð S. Wium
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013



Rakel Salóme Eydal
Löggiltur fasteignasali og
löggiltur leigumíðlari
rakel@kjoreign.is
533-4040



Þórarinn Friðriksson
Löggiltur fasteignasali.
thorarinn@kjoreign.is
844-6353



Jón Bergsson
lögmaður og löggiltur
fasteignasali
jon@kjoreign.is
777-1215



Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040
kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/



Fagleg og heildstæð Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfsvænum hætti



Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir



ISK 400 á kg.

Brotajárn



ISK 4 á kg.

Kopar/Eir



ISK 380 á kg.

Brass/Messing



ISK 260 á kg.

Brons



ISK 280 á kg.

Kaplar



ISK 45 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 70 á kg.

Ál



ISK 50 á kg.

Blý



ISK 80 á kg.

Zink



ISK 50 á kg.

Brotamálmur
þungur í bræðslu



ISK 4 á kg.

Rafmótorar



ISK 35 á kg.

Offset prentplötur úr áli



ISK 80 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 5 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 35 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða



Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Um þessar mundir er rekið mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem tveir menn, þeir Matthías Jón Karlsson og Vygantas Visinskis, eru ákærðir fyrir aðild að stórfelldu fíkniefnalagabroti. Þeir félagar eru sagðir hafa framleitt amfetamín úr svokölluðum amfetamínbasa, sem mikið hefur verið til umfjöllunar í fréttum undanfarið.

Amfetamínbasi er sterk formúla amfetamíns, sem flutt er inn erlendis frá í vökviformi. Úr litlu magni amfetamínbasa má vinna talsvert magn af amfetamíni, sem er svo þynnt út áður en það er selt á götunni.

Magnið sem þeir Matthías og Vygantas eru sagðir hafa framleitt er 11.217 grömm. Þar af höfðu 3.936 grömm af efninu um 20% styrkleika, og restin, 7.261 grömm um 6-9% styrkleika, samkvæmt ákærinni sem DV hefur undir höndum.

Eru tvímenningarnir ákærðir fyrir framleiðslu á fíkniefnum, en í því sama ákvæði er lagt bann við sölu og dreifingu fíkniefna.

Sami refsirammir en ólíkar refsingar

Ljóst er af lestri ákvæðisins, að löggjafinn hefur lagt alvarleika þess að flytja inn efni og að framleiða þau að jöfnu, og falla þessi tvö brot í sama refsirammann. Engu að síður er af dómaframkvæmd undanfarin ár ekki hægt að ráða annað en að mun þyngri dómur falli í málum sem tengjast framleiðslu, en þeim sem tengjast innflutningi efna eða sölu þeirra innanlands. Í fyrsta dóminum vegna framleiðslu amfetamíns hér á landi, frá árinu 2009, sagði reyndar berum orðum að meta bæri alvarleika framleiðslu meiri en smygls.

Mörgum hefur jafnframt þótt það skjóta skökku við að umbreyting amfetamínbasas yfir í amfetamínítrat, eða amfetamín í duftformi, geti talist framleiðsla. Benda lögmenn mannanna, Guðni Jósep Einarsson og Þorgils Þorgilsson, á að þarna sé einfaldlega verið að breyta amfetamíni í amfetamín. Það geti varla talist vera framleiðsla, enda efníð þegar fullframleitt amfetamín í basaforni. Á þetta benda lögmenn þeirra Matthíasar og Vygantas meðal annars í yfirstandandi réttarhöldum.

Amfetamín er ekki bara amfetamín

Lögmennirnir ganga raun enn lengra og benda á að taka verði tillit til styrkleika efnanna. Ef eitt kíló af 100% hreinu amfetamíni er þynnt með kíló af íblöndunarefnum, sem í langflestum tilfellum séu lögleg efni í duftformi, til dæmis kreatín eða mjólkursykur, fáist tvö kíló. Engu



Lögmennirnir Guðni Jósep Einarsson og Þorgils Þorgilsson á lögmennsstofunni Juvo láta lítið fyrir sér fara, en hafa á undanföllum árum tekið að sér mörg af stærstu sakamálum landsins. Saman standa þeir að kröfu um sérfræðimat á því hvað amfetamínframleiðsla er, í máli sem nú fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur.

MYND/SAMSETT

TEKIST Á UM AMFETAMÍN Í RÉTTARSÖLUM HÉRAÐSDÓMS

Dómar fyrir amfetamínframleiðslu eru fáir á Íslandi en nema sam- anlagt mörgum áratugum. Nú er skoðað hvað framleiðsla felur í sér. Niðurstaðan gæti skekkt grundvöll margra þungra fangelsisdóma.

» *Benda lögmenn mannanna á að þarna sé verið að breyta amfetamíni í amfetamín.*

að síður er um sama magn virka og ólöglega efnisins að ræða þó þyngri dóms væri að vænta fyrir tvö kílóin en það eina hreina.

Ef reiknað er út magn hreins amfetamíns sem þeir Matthías og Vygantas voru að sýsla með, fæst út að þeir hafi „aðeins“ verið með um 1.330 grömm. Rök lögmanna snúa þannig að því að munur sé á 1,3 kílóum og 11,2. Raunar eru til fordæmi fyrir notkun útreikninga af þessu tagi í íslenskum lögum. Til dæmis er áfengisskattur reiknaður af hverjum cl. af „hreinum vínanda.“

Lögmenn þeirra Matthíasar og Vygantas láta nú reyna á þessi atriði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í þar síðustu viku

úrskurðaði dómari að kallaður skyldi til sérfræðingur í efnafræði og að hann skyldi leggja fram mat sitt á því hvort umbreyting basans í duft sé framleiðsla eða ekki. Verður það í fyrsta skipti sem það fæst staðfest af sérfræðingi fyrir íslenskum dómstól. Þetta þykir sérstaklega áhugavert í ljósi þess að bara á þessu ári hafa þegar fallið þungir dómur fyrir einmitt þennan glæp. Í júní dæmdi Landsréttur þrjá menn í samtals 16 ára fangelsi fyrir að hafa breytt amfetamínbasa í duftform í sumarþétt í Borgarfirði.

Hikandi Hæstiréttur og skökk fordæmi

Í Borgarfjarðarmálinu reynir reyndar á fleiri atriði og hef-

ur einn mannanna sótt um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur hingað til virst veigla sér við að taka sakamáli til skoðunar. Hér ber þó að taka fram að í vikunni veitti Hæstiréttur áfrýjunarleyfi í sakamáli Þórhalls Guðmundssonar, sem oftast er kallaður Þórhallur miðill.

Í áfrýjunarleyfisbeiðninni sem DV hefur undir höndum er fjallað um rök fyrir veitingu áfrýjunarleyfisins. Er þar nefnt að dómurinn yfir Borgarfjarðarþremmenningunum sé aðeins annar dómurinn sem fellur um framleiðslu amfetamíns á Íslandi og að hann hafi byggt, skv. niðurstöðukafla dómsins, að miklu leyti á fordæmi frá þeim fyrsta. Þar var þó um framleiðslu amfetamíns frá grunni að ræða og málin því, að sögn lögmans, ekki samanburðarhæf. Segir í áfrýjunarleyfisbeiðninni að þessi dómur, sem Héraðsdómur kallar fordæmisgefandi, hafi takmarkað fordæmisgildi „sama hvað gildi fyrrgreindan héraðsdóm.“ Enn fremur segir þar: „Rétturinn þarf að taka afstöðu til

þess hvort ákvæði sem slíkt geti staðið undir mismunandi refsingum vegna brota sem öll heyra undir ákvæðið.“ Er þar vísað til þess hvort réttmætt sé að refsa meira fyrir framleiðslu en sölu.

Áratugalangir dómur undir

Staðan nú er því sú að tvö stór, veigamikil og fordæmisgefandi mál, eru nú á leið sinni í gegnum réttarkerfið. Fyrst mál Matthíasar og Vygantasar þar sem kallaður verður til efnafræðingur og þeirri spurningu svarað hvort hægt sé að framleiða amfetamín úr amfetamínbasa, eða hvort um umbreytingu sé að ræða. Annað er mál borgfirsku þremmenninganna, sem nú bíður niðurstöðu Hæstaréttar um hvort rétturinn muni taka það fyrir.

Niðurstöður þessa tveggja mála gætu haft veigamikil áhrif á líf þeirra níu einstaklinga sem hlotið hafa samtals 38 ára fangelsisdóma vegna amfetamínframleiðslu á síðastliðnu ári auk Matthíasar og Vygantas, sem nú bíða síns dóms. ■

Þegar þú verslar á Íslandi
skilar það sér aftur til þín.



Þegar þú verslar hér heima skilar það sér aftur til þín. Þú styður við framleiðslu; ferskleika, úrval og gæði. Þannig skapast verðmæti og ný störf, samfélaginu til góða. Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

ÓVENJUMÖRG MORÐMÁL Í EINU

Þrjú morðmál eru nú til meðferðar í íslenskum dómsölum og það fjórða er í rannsókn. Fórnarlömbin eru sex í málunum fjórum en tvö málanna eru meint heimilisofbeldi.

Heimir

Hannesson

heimir@dv.is



Þú sagði frá því í vikunni að Arturas Leimontas hefði verið ákærður fyrir morð og að málinu hefði verið þinglýst í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ákæran yfir honum var birt honum í júní á þessu ári, en var fyrst birt opinberlega í liðinni viku. Arturas er fimmtugur Lithái og sá látni 57 ára gamall landi hans. Í ákærunni á hendur Arturasi kemur fram að hann hafi, 8. desember síðastliðinn, að Skyggisbraut í Úlfarsárdal í Reykjavík, slegið landa sinn ítrekað og sparkað í hann. Samkvæmt ákærunni hefur Arturas notað þungt áhald í árásinni og í kjölfarið kastað honum fram af svölunum. Fallið niður var um 7 metrar á steipta stétt og lést fórnarlambið af áverkum sínum. Mál Arturasar er eitt þriggja morðmála sem er nú til meðferðar í dómsölum landsins.

Óhugnanleg mál í samkomubanni

Í júní var karlmaður á sextugsaldri ákærður fyrir að bana sambýliskonu sinni í Sandgerði í lok mars. Málið vakti mikinn óhug enda var maðurinn ekki handtekinn fyrr en fjórum dögum eftir að tilkynnt var um andlát sambýliskonu hans. Maðurinn var dæmdur í gæsluvarðhald. Konan lést 28. mars og fór lögreglumáður á staðinn eins og venja er. Í fyrstu benti ekkert til þess að nokkuð saknæmt hefði átt sér stað, og staðfesti líkskoðun þá staðhæfingu lögreglumannsins. Það var ekki fyrr en 1. apríl, í kjölfar skoðunar réttarmeinafræðings, að grunur vaknaði um að maðurinn hefði átt þátt í andláti konunnar en skoðun réttarmeinafræðings leiddi í ljós áverka á hálsi hennar. Það mál er nú rekið í Héraðsdómi Reykjaness.

Maður á þrítugsaldri er svo ákærður fyrir að hafa banað móður sinni í Hafnarfirði í byrjun apríl. Málinu var þinglýst í byrjun júlí. Er maðurinn í ákærunni sagður hafa stungið móður sína í tvígang með hnífi. Í kjölfarið réðst hann að öðrum manni, skar hann í andlit og stakk í handlegg. Í sömu ákæru er ofsakstur mannsins fyrir tveimur árum tekinn fyrir. Er hann þar sagður hafa ekið á 197 km hraða, með þrettán lögreglubíla á eftir sér.

Málin í Sandgerði og Hafn-



Sex eru látnir í fjórum morðmálum. Málin vekja mikinn óhug.

MYND/EYÞÓR



Hryllingur blasti við 25. júní á Bræðraborgarstíg þar sem þrír létust í húsbruna.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

bensíni á gólf jarðhæðar hússins og lagt eld að. Þeir látnu voru allir pólskir ríkisborgarar.

Málin óvenjumörg

Að þrjú morðmál séu í gangi í dómskerfinu og enn eitt í rannsókn, er mjög óvenjulegt á Íslandi. Hér á landi eru að meðaltali um tvö morð framin á ári og árin 1998, 2003, 2006 og 2008 voru engin morð framin. Fórnarlömbin í málunum fjórum sem nú eru til meðferðar eru sex talsins. Þrír Pólverjar, tveir Íslendingar og einn Lithái. Langalgengast er að þeir sem fundnir eru sekir um morð hljóti 16 ára dóm, þó dæmi séu um annað. Þannig hlaut til að mynda morðingi Birnu Brjánsdóttur 19 ára fangelsisdóm fyrir morðið á Birnu og alvarlegt fíkniefnabrot sem kom upp við morðrannsóknina.

Ef gengið er út frá því að mennirnir fjórir sem sæta nú ýmist morðákæru eða rannsókn fái allir 16 ára fangelsisdóm og reynslulausn á eðlilegum tíma, má gera ráð fyrir að þeir muni dvelja samanlagt í 42 ár í fangelsum landsins. ■

Hér á landi eru að meðaltali um tvö morð framin á ári.

arfirði þóttu sérstaklega óhugnanleg enda komu þau bæði upp í miðju samkomubanni og hafði þá umræða um aukna hættu á heimilisofbeldi skapast vegna þjóðfélagsaðstæðnanna.

Bræðraborgarstígsmálið

Þann 25. júní barst lögreglu og slökkviliði tilkynning um bruna í íbúðarhúsi við Bræðraborgarstíg 1 á horni Vesturgötu. Þrír létust í brunanum,

einn lést við að stökkva út um glugga en hinir tveir inni í alelda húsinu. Nánast á sama tíma og fyrstu viðbragðsaðilar voru að mæta vegna brunans, var maður handtekinn við rússneska sendiráðið, þar sem hann lét ófriðlega. Sá maður var daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald þar sem hann situr enn. Ennþá hefur ákæra ekki verið gefin út, en áður hefur komið fram að grunur leikur á að hann hafi hellt



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

Vildi óska að starfið mitt væri óþarft

Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur segir mikilvægt að við séum almennileg við hvert annað á þessum erfiðu tímum. Einangrun geti haft alvarleg áhrif á andlega heilsu og hreinlega slökkt lífsneistann, enda sé henni beitt sem refsíúrræði.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Ég tók þá ákvörðun að læra guðfræði þegar ég var að vinna við skógarhögg í Danmörku. Ég hafði lengi verði mjög spyrjandi um lífið og tilveruna, og þessar spurningar sóttu stíft á mig. Ég var hræddur við að taka þessa ákvörðun því hún var mikil u-beygja frá því sem ég hafði áður verið að gera,“ segir Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítalanum. Hann tók árs frí frá námi eftir útskrift frá Menntaskólanum við Sund og vann við skógarhögg á meðan hann velti framtíðinni fyrir sér. „Ég velti mikið fyrir mér raungreinum og flestir héldu að ég myndi fara í þá átt. Það kom því mörgum á óvart þegar ég ákvað að læra guðfræði og í byrjun sagði ég aðeins mínum nánustu frá þeirri ákvörðun. Þarna þurfti ég að sýna hugrekki, vera trúr sjálfum mér og lét bara vaða.“

Hann segir það þó ekki hafa verið neitt eitt sérstakt sem rak hann áfram í þetta nám. „Ég hef alltaf verið þannig gerður að þegar ég hef ekki getað skilið þá vil ég leita dýpra. Í guðfræðinni er mikil dýpt og spurt um ákveðinn tilgang. Ég hafði horft upp á fólk takast á við sjálft sig, takast á við lífið og ég sá hvað það var dýrmætt að hafa gott fólk í kring um sig og fá leiðbeiningar.“

Lögreglu maður á námsárunum

Vigfús hefur starfað nær

óslitið sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum frá árinu 2005. Hann lauk gráðu í guðfræði frá Háskóla Íslands en fór síðan í framhaldsnám til Bandaríkjanna. „Þetta er fimm ára nám hér heima og ég var svo heppinn að geta unnið meðfram námi hjá lögreglunni í Reykjavík. Það þroskaði mig mikið og dýpkaði. Ég vissi að ef ég yrði prestur þá myndi ég vilja vinna við sálgæslu og þá lá beinast við að fara á sjúkrahús. Ég fór því út í framhaldsnám til að læra meira um sorg og áföll, enda er nauðsynlegt að hafa þekkingu á slíkum málum þegar starfið snýst oft um útköll og viðtöl við erfiðar aðstæður.“ Alls er það átta manna hópur sem sinnir sálgæslu á Landspítalanum, sjö prestar og einn djákni. Þau skipta svæðum og vöktum á milli sín, en það er ekki síst á nöttunni sem kalla þarf út prest. „Sú þjónusta hefur verið mjög mikilvæg. Þetta eru útköll vegna slysa, kyrrlátar stundir við dánarbed og allt þar á milli,“ segir hann.

Vigfús er frásakilinn þriggja barna faðir þeirra Rannveigar Ívu, sem er sálfræðinemi og lögreglukona í Reykjavík, Alberts Elís, sem er 16 ára nemi við Borgarholtsskóla „og mikill íþróttamaður,“ og hins tólf ára Patreks Veigars, sem er í Langholtsskóla. „Við eigum líka hund, hana Sölu, sem er stór hluti af fjölskyldunni,“ segir Vigfús, en Salka er orkumikil og skemmtileg svört labradortík.

Mikið náttúrubar

Vigfús er mikið náttúrubar og var langt fram undir tvítugt alltaf mikið á sumrin hjá


afa sínum og ömmu á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu. „Náttúran er stór hluti af því hvernig ég upplifi lífið og ég finn sterka náttúrutengingu í trúnni. Ég verð alltaf meiri og meiri náttúruverndarsinni með árunum. Ég veit eiginlega ekki hvar þetta endar. Það er mikil viska í náttúrunni, þar sjáum við hringrás lífsins og hvernig dýrin hafa áhrif hvert á annað. Dýr eru stórgáfuð og magnað hvernig þau skynja lífið og lifa af við krefjandi aðstæður. Ég hef oft séð hvernig það getur verið fólki dýrmætt veganesti í mótlæti, þegar það á sterka tengingu við náttúruna. Margir finna fyrir andlegum og trúarlegum tengingum í náttúrunni og finna fyrir afli sem þeir geta ekki alveg skilgreint. Náttúran er okkur öllum mikilvæg.“

Trúin skiptir Vigfús miklu máli en hann leggur líka áherslu á að velta henni ekki yfir á annað fólk. „Mér finnst trú mín hafa bæði dýpkað og einfaldast í gegnum árin. Ég trú því að við séum samverkafólk í að búa til gott og að við séum að gera heilt það sem hægt er að gera heilt. Mér finnst trúin kenna mér óendanleg dýrmæti hverrar manneskju og hún er líka boðberi vonar. Þessi einfaldi Kristur sem hjálpar manni að hafa hugrekki til að stíga inn í aðstæður, er mér mjög að skapi.“

Flókið tilfinningalega

Vigfús hefur sannarlega ekki alltaf verið trúaður heldur kom trúin smátt og smátt. „Ég ólst upp á venjulegu heimili. Íslendingar eru trúuð þjóð miðað við margar aðrar. Ég er lánsamur að hafa kynnst fólk

Vigfús Bjarni var ekki alltaf trúaður, heldur kom trúin smátt og smátt til hans.
MYND/ANTON BRINK



á lífsleiðinni, allt frá því ég var barn, sem trúin hafði gert góða hluti fyrir.“

Starf sjúkrahúsprests hefur verið óhefðbundið á ákveðinn hátt síðustu mánuði, eins og flestallt annað á tímum kórónaveirunnar. „Þetta hefur verið krefjandi tími fyrir marga, til dæmis sjúklinga sem þurftu að liggja inni á sjúkrahúsi en urðu jafnframt að vera einangraðir. Það reynir á að geta ekki verið í samskiptum við fólk sitt. Ég hef kynnst mörgum fjölskyldum sem ástandið hefur reynt mikið á. Oft var þetta mjög sárt, eins og þegar fólk lést og ástvinir gátu ekki haft útförina eins og þeir hefðu viljað. Það er líka erfitt að hafa ekki aðgang að fólkinu sínu á dánarbedinum. Fólk hefur skilið varúðarráðstafanir vitsmunalega, en þetta hefur verið flókið fyrir fólk tilfinningalega.“

Hann varð snemma var við svokallaðan heilsuótta, þar sem fólk hafði áhyggjur af sinni eigin heilsu í faraldrinum, og einangrunin sem fylgir hefur faldar afleiðingar. „Við erum félags- og tengslaverur. Við erum von því að geta tekist

í hendur og faðmast. Ég held að mannskepnan þoli illa að vera ekki í nánd. Fyrirbærið einangrun hefur verið beitt í refsilöggjöf því hún getur brotið mannsandann niður. Þessi einangrun nú hefur ekki síður áhrif á mannsandann sem er okkar lífsorka. Það er hreinlega hægt að slökkva á lífsorku fólks. Þetta er viðkvæmur tími og við þurfum að vera almennileg hvert við annað.“

Fíknisjúkdómar aukist

Á síðustu vikum og mánuðum finnst Vigfúsi hann hafa orðið meira var við efnahagslegar afleiðingar faraldursins. „Ég finn til með fólki sem hefur misst lífsviðurværið sitt. Það þrengir að hjá mörgum og við þurfum að gæta þess að taka tillit til þess fólks. Ég heyri meira af því að fólk hefur áhyggjur af því að geta ekki brauðfætt sig og sína. Þá er margt sem bendir til þess að andleg líðan fólks hafi versnað mikið og ýmsir fíknisjúkdómar aukist.“

Komið hefur fram að tíðni sjálfsvíga sé þegar orðin



hærri en í meðalári. Vigfús segir mikilvægt að hafa í huga að ekki sé hægt að gefa sér að það sé tengt faraldrinum. „Það er virkilega sorglegt hversu margir falla á hverju ári vegna sjálfsvíga. Sú breyting sem ég hef tekið eftir nýlega í mínu starfi er hversu margir hafa verið að deyja vegna ofskammta. Það er stærsta breytingin sem ég hef tekið eftir. Margir hafa fundið fyrir óöryggi og ótta á þessum tímum. Ég vona að okkur beri gæfa til að þróa samfélag þar sem við munum eftir þeim sem minna mega sín og veitum þeim þá hjálp sem þau þurfa.“

Sem sjúkráðgjafi er Vigfús oft með fólki á erfiðustu stundum lífsins. Hann segir ótímabær dauðsföll vera það sem mest reyni á hann. „Mér hefur alltaf fundist erfitt að horfa upp á þessi skyndilegu dauðsföll, þar sem ungt fólk er jafnvel að falla frá börnum. Það eru ýmis myndbrot í kollinum sem maður geymir með sjálfum sér og eiga eflaust alltaf eftir að fylgja manni.“

„Einangrun getur brotið mannsandann niður.“

Hvernig útskýrir maður það fyrir ungum börnum þegar foreldri þeirra deyr skyndilega? „Maður getur aldrei útskýrt það, enda reynir maður það aldrei. Mikilvægt er að hefja fljótt þá vinnu að miðla öryggi til barnanna og láta þau vita að það verði allt í lagi með þau, þrátt fyrir allt. Þetta er stórt áfall fyrir börn og þau spyrja sig: Hvað verður um mig?“

Fagvinna á að snúast um að barnið upplifi að það verði að því gætt. Hluti af því er að virkja fólkið í kringum barnið til að taka þátt í þessu samtali, svo sem eftirlifandi foreldri. Þetta eru mikilvægari skilaboð til barna á þessum tímum heldur en að fara út í flóknari útskýringar, og þetta þarf að endurtaka aftur og aftur. Þau þurfa að vita að þau eru örugg.“

Reynir að vera eðlilegur

Það er ákveðinn undirbúningur sem fylgir því að vera til staðar fyrir fólk þegar sársaukinn er sem mestur. „Mér finnst gríðarlega mikilvægt að setja mig í þær stellingar að ég er ekki að fara að taka pláss eða yfirgnæfa neinn. Maður er að koma inn til að reyna að miðla öryggi og ró, og reynir eftir fremsta megni að tryggja að fólk sem hefur lent í skelfilegum áföllum, upplifi einhvers konar stjórn í óstjórninni. Ég reyni að hjálpa fólki að virkja þau tengsl sem það vill hafa með sér í aðstæðunum, hjálpa fólki að tala saman og hjálpa fólki að heyra. Alltaf á forsendum þessa fólks. Alltaf. Maður er ekki kominn til að flytja ótímabærar útskýringar á þjáningu eða flytja einhver slagorð inn í aðstæður, því kannski er maður að koma inn í aðstæður þar sem fólk getur varla lifað af.“

Ég held að fagmennskan snúist um að reyna að vera sem eðlilegust manneskja og ekki þykjast vera annað en maður er. Ég held að það hjálpi fólki best að sjá það og

heyra í því. Kornungur vinur minn sem var með langt genginn sjúkdóm skammaði stundum okkur heilbrigðisstarfsfólkið því honum fannst við vera svo alvarleg í kringum hann. Hann sagði: Hvað er þetta með ykkur – getið þið ekki bara verið eðlileg? Þetta er mér dýrmæt minning og ég minni mig oft á þennan unga pilt. Kannski er undirbúningurinn fólginni í því að maður reynir að minnka sig, á þann hátt að muna að maður er kominn til að vera til staðar en ekki taka yfir. Í sumum aðstæðum finn ég fyrir sorg og ótta og þá er mikilvægt að gangast við því.“

Ertu stundum kvíðinn áður en þú gengur inn í þessar erfiðu aðstæður? „Það hefur oft komið fyrir. En sá kvíði vikur yfirleitt þegar maður er kominn inn í aðstæðurnar. Maður er að verða vitni að aðstæðum þar sem fólk er að upplifa slíkt að maður getur ekki einu sinni hugsað það til enda að vera sjálfur á þessum stað. Það vikur allt fyrir því hvernig maður getur lagt eitthvað gott til.“

Verndandi þættir

Aðstoð við foreldra sem hafa misst ung börn og konur sem hafa þurft að fæða andvana börn, er hluti af starfi Vigfúsar. „Þessar mæður hafa fundið fyrir börnunum sínum í marga mánuði og tengst þeim í gegnum líkamleg viðbrögð. Oft eru þær orðnar mjög tengdar þessum einstaklingi, sem strax fyrir fæðinguna var orðinn risastór áhrifaþáttur tilhlökkunar og gleði, en hverfur síðan á braut. Þetta er gríðarlega flókin reynsla fyrir fólk. Þarna skiptir miklu máli að virða reynsluheim konunnar en um leið hjálpa sambúðarfólki að vera saman í sorginni.“

Sorgarvinna með fjölskyldum er Vigfúsi mikilvæg og hefur hann unnið mikið við það í gegnum tíðina að hjálpa fólki að skapa getu til að tala saman, þrátt fyrir allt. „Það er vinna sem skilar oft mjög miklum árangri, og hjálpar hjónum að skilja og skynja hvort annað. Þeim fjölskyldum gengur langbest sem ekki stunda hugsana-lestur. Það er ákveðin áfallavinna að kenna fólki að reyna ekki að lesa hugsanir heldur efla getuna til að tjá sig og spyrja spurninga.“

Fæstum dylst að starf sjúkrahússprests er afar krefjandi. Hann viðurkennir að hafa stundum hugsað að þetta sé bara komið gott. „Jú, jú. Mér finnst samt ekki að neinn eigi að fá sérstakt hól fyrir að sinna starfinu sínu. Starf sem þetta er líka þess eðlis að það hefur að geyma verndandi þátt, því hægt er að upplifa mikla gagnsemi. Samskiptin eru yfirleitt jákvæð og í þeim er ákveðin mildi sem einnig er verndandi. Það sem er erfiðast við að yfirgefa svona störf er að maður getur fundið fyrir tilgangslaysi í öðrum störfum. Það er þó ekki rétt sýn, enda öll störf jafn mikilvæg og tilgangsrík. En þegar maður er vanur því að vera í krefjandi og ögrandi aðstæðum getur verið erfitt að fara úr þeim.“

Eitt af því sem verndar fólk í svona störfum er að maður sér oft svo mikinn árangur. Ég hef séð fólk vinna í sínum málum, rísa upp og ná tókum á sínu lífi. Ég finn þá fyrir svo mikilli virðingu fyrir fólki og starfið hefur fært mér aukna trú á mannkynið. Allir eru að gera sitt besta. Ég held satt að segja að mörg önnur störf séu miklu erfiðari. Hér get ég horft á fólk öðlast ný gildi og nýjan styrk, upplifa að það sé lifandi þrátt fyrir allt.“

Endurnærandi að kenna

Þá er afar mismunandi að koma heim eftir vinnudaginn. „Margt fylgir manni að sjálf-sögðu og maður nær ekki að sleppa hugsuninni. Það er mikilvægt að varðveita ákveðin skil milli heimilis og vinnu. Ég er þó viss um að ég hef lagt mikið á mína fjölskyldu út af vinnunni, en ég reyni að gera eins lítið af því og ég get. Ég vil ekki að heimilislífið litist af því sem ég var að sjá eða



Vigfús Bjarni er þriggja barna faðir en labradortíkin Salka er líka stór hluti af fjölskyldunni.
MYND/ANTON BRINK

„Það er ákveðin áfallavinna að kenna fólki að reyna ekki að lesa hugsanir.“

upplifa. Það væri ósanngjarnt gagnvart fjölskyldunni. Stundum er gott að tala við einhvern áður en maður fer heim, en stundum hefur maður ekki þörf fyrir það.“

Auk þess að starfa á Landspítalanum hefur Vigfús síðustu þrjú ár kennt sál-gæslu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Þetta er diplómanám á meistarástigi sem hann kennir ásamt séra Gunnari Rúnari Matthíassyni og fjölda gestakennara. „Mér finnst þetta afskaplega skemmtilegt og endurnærandi. Í námið kemur fólk úr ýmsum áttum: heilbrigðisstarfsfólk, starfsmenn kirkjunnar og félagslega kerfisins. Við kennum bæði út frá fræðum um sorgarkenningar en höfum einnig verið með verklega kennslu. Þá búum við til aðstæður þar sem fólk getur æft sig í að taka erfið samtöl. Fólk er oft feimið í byrjun en það er alveg magnað að sjá

fólk eflast í svona hlutverkaleik.“

Vigfús er ekki nema 46 ára gamall, ánægður með þá reynslu sem hann hefur öðlast, og nóg eftir. „Það er gott að eldast. Margt hefur komið á óvart í lífinu. Þetta er ferðalag sem geymir fullt af tækifærum. Mér finnst gott að gefa mér tíma í að efla þá hluti sem hafa góð áhrif á mig. Ég hef verið drjúgur við að efla tenginguna við náttúruna, var duglegur að hreyfa mig en þarf að verða virkari á því sviði aftur. Mér finnst gott að lesa og ég þarf að eiga mitt andlega líf. Þá gengur mér betur, ég er rólegri og æðrulausari. Síðan finnst mér fólk yfirleitt skemmtilegt. Það er alltaf kostur.“ Hann nær síðan ágætlega utan um eðli starfsins þegar hann segir á léttu nótonum: „Ég vildi bara óska að fólk þyrfti aldrei að kynnast mér.“ ■



**Saunatunna
330 með palli**



GODDI:

Vantar ekki góðan, heitan pott eða sánaklefa á goðorðið þitt?

Smá- og heilsölufyrirtækið Goddi hefur þróast töluvert í árunna rás frá því það var stofnað fyrir ríflega hálfri öld. Tímarnir breytast og mennirnir með og í dag býður Goddi upp á vandað og fjölbreytt vöruúrval af rafmagnspottum, sánaklefum, gisti- og sánatunnum, sánavörum og mörgu fleira.

Goddi: Lítið goðorð

Fyrirtækið Goddi ehf. var stofnað sem umboðs- og heilsala árið 1967 af Haraldi Lýðssyni. Nafn fyrirtækisins er fengið úr Laxdælu, en þar er sagt frá Þórði godða sem bjó á Goddastöðum í Laxárdal. Orðið merkir (lítill) goðorðsmaður. Í dag stýrir sonur eigandans, Friðgeir Haraldsson, fyrirtækinu. „Upphaflega seldi Goddi aðallega húsgögn, áklæði, leður og leðurlíki en með tímanum hafa orðið breytingar í verslun og tækni. Enn þann dag í dag eru helstu vörflokkar Godda

áklæði, leður og leðurlíki. Þá bjóðum við upp á gott úrval af þessum vörum á lager en einnig getum við sérpantað nær hvað sem er fyrir viðskiptavinum okkar. Þess utan höfum við einnig verið að flytja inn og selja bát- og fólkubílakerrur og bjálkahús,” segir Friðgeir Haraldsson, eigandi Godda. Vöruúrvalið er stórglæsilegt og má skoða betur á vefsíðu fyrirtækisins, goddi.is.

Infrarauð sána fyrir heilsuna

Talsverð aukning hefur orðið í sölu á infra-rauðum sánaklefum, en klefarnir eru þekktir fyrir að hafa viðfeðm, jákvæð áhrif á líkama og heilsu þeirra sem nota þá reglulega. Infrarauðu geislarnir hreinsa húðina, geta stuðlað að lækkuðum blóðþrýstingi, brenna hitaeyningum, slá á verki í líkamanum og veita almenna vellíðan.

Það er fátt betra en að skella sér í funheita sánu á köldum vetrarkvöldum. Goddi býður upp á

úrval af sauna- og gistitunnum sem hafa vakið athygli, enda sérlega vönduð og falleg smíð. Tunnurnar fást í ýmsum stærðum og er mögulegt að hita þær ýmist með raf- eða viðarkyntum ofnum.

Heit böð eru eitt af því sem hefur svo sannarlega haldið lífi í landanum í gegnum langa, kalda og dimma vetur. Goddi er með úrval af hitaveituskeljum í heita potta. Einnig ýmsar gerðir svo sem kringlóttar, ferkantaðar og áttkantaðar á frábæru verði, eða frá 150.000 kr.

Bjálkahús úr norskri furu

Við getum einnig útvegað bjálkasumar- eða heilsarshús, garðskála og fleira í nokkrum bjálkabyggtum. Húsin eru frá Astel Garden, einu elsta og vandaðasta framleiðslufyrirtæki timburhúsa á Balkanskaganum. Húsin eru mestmegnis framleidd úr norskri furu og er hægt að fá í ýmiss konar útfærslu, t.d. með eða án gólfs eftir

því hvort húsið fer á steypa plötu eða annað. Skoðuðu möguleikana á heimasíðunni goddi.is.

Goddi býður að auki upp á niðsterk og vönduð lok á potta. Lokin fást í fjórum stærðum og tveimur litum, brúnum og gráum. Þau eru tólf sentimetrar að þykkt með styrkingu og kosta 62.000 kr.

Stærðirnar eru:

200×200 sm.
208×208 sm.
213×213 sm.
220×220 sm.

Goddi ehf. Auðbrekku 19, 200 Kópavogur.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni goddi.is

Vanti frekari upplýsingar má senda fyrirspurn á netfangið goddi@goddi.is eða hringja í okkur í síma 544-5550 og 822-4150

700 MILLJÓNA KRÓNA VELTA

UNGAR KONUR GERA ÞAÐ GOTT MEÐ BARNAFATAVERSLUNUM

Rífast gangur virðist vera í rekstri barnafataverslana, en þeim hefur fjölgað talsvert og velta þeirra aukist mjög. DV hefur undir höndum ársreikninga fjölda þeirra og ljóst að um er að ræða risamarkað, enda hleypur samanlagður rekstur þeirra á milljörðum.

Heimir Hannesson
heimir@dv.is



Ekki er langt síðan Íslendingar flykkust erlendis í verslunarferðir og voru barnaföt stór hluti góssins sem dregið var upp úr smekkkfullum ferðatöskum erlendis frá. Síðan þá hefur þeim fjölgað hér og verslanir eins og H&M og Lindex opnað hér á landi. Mikil sala hefur verið í barnafatnaði innanlands og má sem dæmi nefna að mikill vöruskortur hefur verið hjá H&M hérlendis og þá sérstaklega í barnafatnaði í útibúi verslunarinnar í miðborginni. Hillur H&M hafa verið hálfótmar svo mánuðum skiptir og segja starfsmenn mikla kergju vera í viðskiptavinum vegna vöruskorts.

Ekki er lengur eins hagstætt að versla barnafatnað erlendis sé verið að panta hann í gegnum vefsíður, þar sem heimsendingarkostnaður og tollur bætist ofan á verðið og er í ríkara mæli þá um sambærilegt verð og í verslunum að ræða. Hátt gengi krónunnar spilar þar einnig stórt hlutverk.

Kvartmilljarða velta hjá Petit ehf.

DV skoðaði ársreikninga barnafataverslana fyrir árið 2019 og kom þar ýmislegt áhugavert í ljós. Til dæmis tvöfaldaði Petit ehf., sem rekur verslunina Petit í Ármúla, sölu sína frá árinu áður og námu þær í fyrra 258 milljónum króna. Á sama tíma jukust eignir félagsins umfram skuldir um rúmar 7 milljónir og tekjurnar um 86 milljónir. Hagnaður Petit nam á síðasta ári um 7 og hálfri milljón. Petit er í eigu þeirra Önnu Linnea Charlotte Ahle og Gunnars Þórs Gunnarssonar. Það ber að nefna að Petit er umboðsaðili vinsælla barnavagna sem heita Bugaboo og kosta vinsælustu tegundirnar í kringum 190.000 þúsund.

Nine Kids, barnavöruslun á Grensásvegi, kom til sögunnar árið 2018 og hefur tekið vel við sér. Á öðru ári rekstrar fór velta fyrirtækis-



Guðríður, eigandi Barnaloppunnar, fann gat á markaðnum og með tilkomu sölubása fyrir notaðan barnafatnað hefur hún slegið í gegn.
MYND/SIGTRYGGUR ARI

ins úr 9 í 128 milljónir króna. Nine Kids eru stórtæk í sölu barnabílstóla. Fyrirtækið er í eigu Sigríðar Rúnar Siggeirsdóttur og Helgu Sigurðardóttur. Hagnaður þess nam rúmri milljón á árinu.

Ólavía og Óliver hefur rekið sína verslun í Glæsibæ síðan 1995 og er í eigu Breks ehf., sem er alfarið í eigu Þórunnar Ólafar Sigurðardóttur. Af rekstrarreikningi Ólavíu og Ólivers að dæma, virðist fyrirtækið hafa misst spón úr aski sínum yfir til samkeppnisaðilanna á árinu, því tekjurnar drógust saman um 13 milljónir á árinu.

Minimo stendur höllum fæti

Fatura ehf., sem rekur verslunina Minimo hélt áfram að skila tapi á árinu. Tap ársins 2018 var rúmar fjórar milljónir og jókst í rúmar fimm í fyrra. Þó tvöfaldaðist veltan úr sjö í fjórtán milljónir og er eigið fé þeirra neikvætt um 13 milljónir. Skuldir félagsins jukust um 11 milljónir á árinu en eignir aðeins um sex milljónir. Athygli vekur að aðeins er einn skráður starfsmaður hjá versluninni í 70% starfi samkvæmt ársreikningi.



Petit selur mörg vinsælustu barnamerki heims.

MYND/PINTEREST

Barnaloppun og Bíumbíum á grænni grein

Barnaloppun í Skeifunni sérhæfir sig í sölu notaðra barnafata, en þar geta foreldrar leigt bása og selt notuð barnaföt á sínu verði. Barnaloppun þjónustar svo viðskiptavinum sína með starfsfólki sem sér um eiginlega sölu, en fyrirtækið þykir einnig skila jákvæðum samfélagslegum ávinningi með því að hvetja til ábyrgðar endursölu á barnavörum. Fyrirtækið er í eigu Guðríðar Gunnlaugsdóttur. Tekjur af sölu stórkjókust á liðnu ári og námu heilum

73 milljónum króna í fyrra. Hagnaðurinn nam rúmri þremur og hálfri milljón og jukust enn fremur eignir félagsins um á fjórðu milljón. Eigendur Barnaloppunnar opnuðu Extra-loppuna sumaríð 2019, sem er byggð á sömu hugmyndafræði nema á fatnaði og vörum fyrir fullorðin fólk. Merkjavörur eru þar vinsælar og hefur fjöldi þekktara einstaklinga selt merkjavörusafn sitt í Extra-loppunni.

Bíumbíum skilaði vel á árinu. Tekjur félagsins jukust um 34 milljónir á milli ára og námu í fyrra 139 milljónum.

Hagnaður nam tíu og hálfri milljón. Bíumbíum er með verslun í Síðumúla. Eignir félagsins námu í lok síðasta árs um 45 milljónum. Vó þar þyngst vörubirgðaliður, sem nam rúmum 43 milljónum.

Samanlögð 700 milljóna velta

Samanlögð velta þessara fyrirtækja, sem öll eiga það sameiginlegt að sérhæfa sig í sölu barnavara og -fatnaðar, nemur rúmum 700 milljónum. Mestur var hagnaður bíumbíum og Petit ehf. Petit var jafnframt langtum stærsta verslunin, með nánast tvöfalt hærri veltu en næsta verslun.

Þessi velgengni fyrirtækjanna er sérstaklega áhuga-verð í ljósi áðurnefndrar ferða- og kaupgleði Íslendinga erlendis og að H&M og Lindex eiga engu að síður stóran hluta af barnafatamarkaðnum. Það vekur enn fremur athygli að eigendur og rekstraraðilar margra þessara verslana er ungt fólk á barneignaldri. Anna Linnea hjá Petit verður til að mynda 33 ára á næsta ári og konurnar á bak við Nine Kids eru 34 og 35 ára. Guðríður í Barnaloppunni er líka 35 ára. ■



**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**





Róbert Spanó var kjörinn forseti Mannréttindadómstóls Evrópu 20. apríl sl. en hann er fyrsti Íslendingurinn til að gegna þessu embætti.

MYND/VALLI

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón
Bragason

eyjan@eyjan.is



Mér er nær að halda að það hafi verið forðild en ekki hefð, sem réði því að Róbert Spanó þáði þessa vegtyllu,“ skrifaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra á Facebook-síðu sína á dögunum. Tilefnið var heimsókn Róberts Spanó, forseta Mannréttindadómstóls Evrópu, til Tyrklands, þar sem honum var veitt heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Ístanbul. Hún bætti því við að sér þætti dapurlegt að fylgjast með heimsókninni og sagði Spanó eiga að „vita það manna best að það vantar mikið upp á að mannréttindi séu virt og farið sé að reglum réttarríkisins í Tyrklandi“.

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, tók í sama streng og minnti á að mannréttindi væru fótum troðin í landinu, fjöldi fræðimanna og blaðamanna hefði verið hrakinn úr starfi og margir fangelsaðir, fyrir að hafa það eitt til saka unnið að andmæla stjórn Recep Tayyip Erdogans, Tyrklandsforseta. Í grein í Morgunblaðinu sagði Jón Steinar m.a.: „Hvers vegna heldur Róbert Spanó að Tyrkir hafi viljað hengja á hann orðu? Dettur honum ekki í hug að það kunni að vera vegna viljans til að gera hann vinveittan þeim stjórnvöldum í þessu landi, sem sífellt þurfa að verja hendur sínar fyrir dómstólnum?“

Ekki endilega verið að lýsa velþóknun

Fleiri hafa blandað sér í umræður um málið, þeirra á

TYRKLANDSFÖR SPANÓ

Ýmsir þeirra sem nú finna að heimsókn forseta Mannréttindadómstólsins til Erdogans, eru þeir sömu og gagnrýndu dómstólinn hvað harðast í Landsréttarmálinu og töldu hann vega að fullveldi Íslands.

Umræðan um Landsréttarmálið var um margt þjóðræknisleg og ýmsir málsmetandi menn og konur tóku sér stöðu „með“ íslenska ríkinu líkt og um kappleik væri að ræða.

meðal Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, sem er á öndverðum meiddi við Ingibjörgu Sólrúnu og Jón Steinar. Hún segir fulltrúa dómstólsins verða að vera óhlutdræga gagnvart aðildarríkjum Mannréttindasáttmálans.

Þessi deila er áþekkt mörgum fyrri þrætum um það hvort áhrifaríkara sé að hunsa miður þokkaða ráðamenn í ríkjum þar sem mannréttindi eru fótum troðin, eða halda við þá talsambandi og reyna að hafa áhrif með þeim hætti. Hér bætist við, líkt og Þórhildur Sunna bendir á, að Tyrkland er aðili að Evrópuráðinu og Mannréttindadómstólnum. Það, að hitta að máli erlenda ráðamenn eða þiggja vegtyllur einhvers, felur ekki endilega sjálfkrafa í sér velþóknun á öllum gjörðum viðkomandi ráðamanns eða þess sem veitti vegtylluna.

Þjóðræknislegur tónn

Deilan um þessa tilteknu heimsókn er vitaskuld léttvæg í samanburði við stóra málið: Vernd mannréttinda í álfunni, og augljóst að ýmsir (þó ekki allir) þeirra sem gagnrýnt hafa Tyrklandsheimsóknina eru hinir sömu og fundu að dómi og málsmeðferð Mannréttindadómstólsins í svokölluðu Landsréttarmáli. Þar taldi dómstóllinn að íslenska ríkið hefði gerst brotlegt við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þegar dómari við Landsrétt — sem Mannréttindadómstóllinn taldi að skipaður hefði verið með ólögum hætti — dæmdi í máli manns. Í 6. gr. sáttmálans segir að hver sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi eigi rétt á réttlátri málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli.

Umræðan um Landsréttarmálið var um margt þjóðræknisleg og ýmsir málsmetandi menn og konur tóku sér stöðu „með“ íslenska ríkinu líkt og um kappleik væri að ræða — eða átök við erlent stórveldi. Þarna kvað við nýjan tón í umræðunni. Ekki hafði áður borið mikið á því að niðurstöður Mannréttindadómstólsins vektu pólitískar deilur hér á landi — hvað þá að mikilsmetnir lögfræðingar legðu sig jafnvel í framkróka við að finna að störfum Mannréttindadómstólsins í ræðu og riti.

Í þessu sambandi má minna á að Bjarni Benediktsson eldri, þá utanríkis- og dómsmálaráðherra, sagði í ræðu á Alþingi þegar rætt var um fullgildingu Mannréttindasáttmálans árið 1951 að íslenska ríkið yrði þar með „skuldbundið inn á við gagnvart sínum þegnum“. Bjarni virtist því beinlínis gera ráð fyrir því að íslenskir ríkisborgarar gætu byggt rétt á sáttmálanum, þrátt fyrir að hann hefði ekki verið formlega lögfestur af Alþingi.

Á bekk með vestrænum lýðræðisþjóðum

Í tilefni niðurstöðu Mannréttindadómstólsins sagði íslenskur ráðherra að rétturinn hefði „óeðlileg áhrif á sjálfstæði dómstóla á Íslandi þar sem Hæstiréttur hefur kom-

ist að skýrri niðurstöðu um að dómstólarnir séu löglega skipaðir.“ Þau ummæli skutu skökku við þegar fyrir lá að niðurstaða Mannréttindadómstólsins byggði á niðurstöðu Hæstaréttar, þess efnis að galli hefði verið á málsmeðferðinni, og því má velta upp hvort ummæli af þessu tagi rýri ekki traust á dómskerfinu.

Umræðan um Landsréttarmálið virtist líka um margt einkennast af því að íslenskir ráðamenn teldu Mannréttindadómstólinn vega að fullveldi Íslands og meira að segja voru bein ummæli í þessa veru viðhöfð af málsmetandi lögfræðingum.

Rétt er að gjalda varhug við þjóðræknislegum viðhorfum í þessu tilliti. Aðild Íslands að Mannréttindasáttmála Evrópu og Mannréttindadómstólnum, snýst í raun um að íslenskt þjóðfélag skipi sér á bekk með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum sem virða niðurstöður dómstólsins og laga löggjöf og réttarframkvæmd að þeim. Þeir eru öruggasta leiðsögn okkar til að tryggja virka vernd mannréttinda, en án hennar er hætt við að réttarríkið bíði hnekki. Með virkari mannréttinda-vernd getur þrennt unnist, friðhelgi einstaklingsins verði tryggð, almennt réttaröryggi sömuleiðis og þar með friður í samfélaginu. ■

ÚRELT VOPNALÖG – Í KRINGUM 70 ÞÚSUND BYSSUR Í EINKAEIGN

Skotvopnaeign á Íslandi er útbreidd og aðeins algengari í níu löndum heims. Óljós skilningur er lagður í hvernig geyma eigi skotvopn hér landi. Frumvarp sem skýrt hefði lögín náði ekki fram að ganga árið 2014 og hefur ekki sést síðan.

Þorbjörg
Marinósdóttir
tobba@dv.is



Þrátt fyrir umtal, áskoranir og tilraunir eru vopnalögin enn óbreytt síðan 1998. Frumvarpið er ári eldra en lögín sjálf og mun því texti laganna fagna kvartaldarafmæli eftir eitt og hálft ár. Lögin eru að margra mati úrelt og þar er margt sem byggir á hugmyndum sem berynilega eru barn síns tíma. Til dæmis er hvergi minnst á vopnaburð lögreglunnar, heldur einfaldlega vísað til þess að lögin taki ekki til vopna í eigu lögreglu, landhelgisgæslu og fleiri aðila.

Annað atriði sem komið er til ára sinna er ákvæði um geymslu skotvopna. Samkvæmt gildandi lögum er ráðherra veitt heimild til þess að setja reglugerð þar sem meiri kröfur eru gerðar til geymslu skotvopna. Er þar ráðherra veitt heimild til þess að setja skilyrði um tiltekna geymslu skotvopna eftir að tilteknum skotvopnafjöldi er náð. Hanna Birna Kristjánsdóttir lagði fram frumvarp árið 2014 sem náði ekki fram að ganga. Í greinargerð með frumvarpinu er þessi grein útskýrð svo að það sé „í öðrum ríkjum vaxandi vandamál,“ að einstaklingar séu að komast yfir skotvopn sem þeir eigi ekki að komast í, til dæmis með innbroti. „Hér á landi eru dæmi um að einstaklingar komist yfir skotvopn sem varðveitt eru á heimilum og fremji með þeim voðaverk. [...] Ljóst er að fjölmargir einstaklingar eiga verulegt safn skotvopna og nauðsynlegt er að leitast við að tryggja vörslu slíkra vopna,“ segir jafnframt.

Geymsluákvæði aldrei skýrt

Í dag virðast engar kvaðir gerðar um geymslu á skotvopnum þar til einstaklingur eignast fjórðu byssuna. Þannig geta hjón átt sex skotvopn á heimili án þess að lagaleg skylda sé lögð á þau um að eignast læstan byssuskáp. Á fjórðu byssu einstaklings myndast skylda til þess að koma sér upp byssuskáp sem stenst kröfur ríkislögreglustjóra. Fram að því er vissulega skylda til þess að hafa skotvopn í læstum hirslum, þó deilt sé um hvað „hirsli“ sé og



31.7 skotvopn eru á hverja 100 íbúa á Íslandi. MYND/ EYFÓR

Þannig geta hjón átt sex skotvopn á heimili án þess að lagaleg skylda sé lögð á þau um að eignast læstan byssuskáp.

áhersla er lögð á þetta atriði hjá lögreglu og skotveiðifélagi Íslands.

Vopnalögum hefur verið breytt átta sinnum en aldrei verið snert við ákvæðum um geymslu skotvopna. Árið 2014 birtist frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda. Þar kynnti starfandi dómsmálaráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, drög að breytingum á vopnalögum, sem Hanna Birna Kristjánsdóttir hafði unnið að. Hanna Birna sagði af sér fljótlega eftir að frumvarpið var lagt fram og umrætt frumvarp um breyt-

ingar á skotvopnalögum varð því munaðarlaust með brottþvarfi Hönnu Birnu. Síðan þá hefur lítið þokast í þær áttir sem Hanna Birna lagði til og þær breytingar sem hafa þó verið gerðar snúa að mestu að breytingum á skotelda-hlutum vopnalaganna.

Lögreglumenn kallað eftir breytingum

Lögreglumenn hafa margofter bent á nauðsyn þess að gera þessar breytingar á vopnalögum. Þannig sagði til að mynda Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri,

í viðtali við RÚV í október 2014, um það leyti sem frumvarp Hönnu Birnu var auglýst í samráðsgátt stjórnvalda, að „lögregla fylgist ekki með því að það sé gert. „Nei, það er í rauninni ekkert eftirlit með [geymslu skotvopna],“ segir Daníel. „Og það er svona ákveðinn galli í kerfinu hjá okkur og þyrfti að vera þannig að sá sem á byssu á annað borð að hann ætti jafnframt löggiltan skotvopnaskáp. Og það er að mínum dómi afar brýnt að koma því á sem allra fyrst.“

Þjófnaður skotvopna er sem betur fer óalgengur á Íslandi. Þó eru þess dæmi. Árið 2004 var fimm rifflum og skotfærum í þá stolið í innbroti í bílskúr í Grindavík. Voru rifflarnir þá í byssuskáp sem var ólæstur og skotfærin ekki í aðskildum hirslum.

Árið 2003 var haglabyssum stolið í innbroti í Keflavík og ein þeirra svo notuð til að ógna fólki í ráni í verslun Bónus í Kópavogi ári síðar. Það sama ár hljóp skot úr skotvopni sem 12 ára krakkar léku sér með á tjaldsvæði á Selfossi. Þegar lögregla kom á staðinn var einn drengur látinn.

Byssueign algeng á Íslandi
Áki Ármann Jónsson, formaður Skotveiðifélags Íslands, segir að félagið hafi ekki tjáð sig með beinum hætti um

hugsanlegar breytingar, enda frumvarp aldrei borist þeim til umsagnar. Hins vegar, segir Áki, að best sé að geyma byssur í byssuskáp. „Svo eru önnur tæki líka til, gikklás til dæmis, og svo er hægt að taka lásinn úr til dæmis. Þannig væru þau ónothæf ef einhver óviðkomandi kemst í þau, nema þá bara sem barefli.“

Ljóst er að byssueign á Íslandi er algeng, en Ísland er, samkvæmt skýrslu Small Arms Survey hugveitunnar, í 10. sæti yfir fjölda skotvopna í umferð á hverja 100 íbúa, en þau eru 31.7. Innan Evrópu eru þau Finnar sem eiga fleiri vopn en Íslendingar. Ofar á listanum eru meðal annars Bandaríkin, Líbanon, Jemen, Svartfjallaland og Serbía.

Jónas Hafsteinsson, lögreglufulltrúi hjá Lögregluinni á höfuðborgarsvæðinu segir heildarfjölda byssa í einkaeign vera öðru hvorum megin við 70 þúsund hér á Íslandi. Inni í þeirri tölu eru loftbyssur og jafnvel óvirkar byssur sem menn geyma vegna söfnunar. Jónas bendir jafnframt á að hann leggi mun strangari skilning í lögín en almennt gengur. Víсар Jónas til vopnalaganna áður nefndu og segir það alveg skýrt að skotvopn eigi að geyma í læstum hirslum. Skiptir þar engu hversu mörg skotvopnin eru. ■

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Æska Íslands er í vanda stödd ef marka má niðurstöður alþjóðlegra PISA-kannana undanfarinn áratug. Með hverri könnun virðast ungmenni landsins standa verr að vígi en áður. Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði við Háskólann í Reykjavík og Háskólann í Þrándheimi í Noregi, telur að stöðuna megi bæta til muna með nýrri nálgun í grunnskólum landsins, þá sérstaklega í lestrarkennslu.

Kveikjum neistann

Hermundur er farinn af stað með verkefnið Kveikjum neistann! Verkefnið byggir á niðurstöðum fremstu vísindamanna heims á sviði menntunar og heilbrigðis. Grunnkenningar verkefnisins eru:

- Endurtekningin skapar meistarann
- Markviss þjálfun hvers nemanda og eftirfylgni er lykill að færni og þróun þekkingar
- Réttar áskoranir miðað við færni
- Starfsemi sem einkennist af gróskuhugarfari, ástríðu og þrautseigju
- Skapandi skrif

Um er að ræða nýja nálgun á skólastarfið og kennslu, með sérstaka áherslu á að virkja rétt hugarfar meðal barnanna okkar.

„Það vantar að virkja í þeim ástríðuna. Það þarf að kveikja neistann hjá þeim. Finna viðfangsefni sem þeir vilja vinna með,“ segir Hermundur. En í þetta vísar einmitt nafn verkefnisins, að kveikja neistann.

Ástríðan

Hermundur bendir á að ástríðan skipti höfuðmáli þegar kemur að því að læra og skara fram úr. Til að kveikja neistann hjá börnun þarf þeim að standa til boða námsefni sem vekur áhuga hjá þeim því þannig er hægt að virkja börnin í námi með ástríðunni.

Bendir Hermundur á að þeir sem skara fram úr á sínum sviðum hafi ástríðu fyrir því sem þeir gera, ástríðan sé því lykillinn að velgengni og því er ástríðan eitt af lykilatriðum í verkefni Hermundar. Með því að kveikja neistann þá getur ástríðan tendrað úr neistanum bál.

Hugarfar grósku

Annað lykilatriði í námi er þáttur sem Hermundur kallar hugarfar grósku, þ.e. að hafa trú á að maður geti bætt sig, öðlast kunnáttu og færni, með þjálfun og tíma.

Gróskuhugarfar ásamt ástríðunni leiðir til þess að börn hafa einlæga trú á því að þau geti náð árangri, orðið betri og skarað fram úr. Nú í dag sé það gjarnan þannig að börnun sé ekki nægjanlega



Hermundur vill hrísta upp í skólakerfinu.

MYND/PJETUR

ÞAÐ ÞARF AÐ KVEIKJA NEISTANN HJÁ ÞEIM

Hallað hefur undan fæti í lestrargetu íslenskra grunnskólubarna undanfarin ár. Sérfræðinga greinir á um leiðir til úrbóta en eru þó sammála um að lykilatriði sé að virkja áhuga barna á lestri.

sniðinn stakkur eftir vexti í skólakerfinu. Þau koma inn í skólakerfið með ólíka færni í lestri en sé strax hent í djúpu laugina.

Jafnvel börn sem hafa ekki náð góðum tókum á lestri þurfa að glíma við orðadæmi í stærðfræðitímum. Þetta telur Hermundur að sé ekki líklegt til að yta undir grósku barna, það minnki trú þeirra á sjálf sig þegar þeim tekst ekki að ljúka verkefnum.

Þrautseigjan

Þriðja lykilatriðið samkvæmt Hermundi er þrautseigjan, eða samviskusemi og viljinn til að vinna vel og markvisst að verkefnum, jafnvel þótt þau séu erfið. Ástríðan og gróskan koma huga barnsins á réttan stað og það er svo þrautseigjan sem hjálpar þeim að ná markmiðum sínum.

Eftirfylgni

Fyrri þrjú þættirnir lúta að hugarfari barnanna, en eftirfylgnin skiptir einnig máli. Það er, að börnin hafi kennara eða leiðbeinanda sem hjálpar

þeim að virkja ástríðuna, gróskuna og þrautseigjuna og fylgja því eftir.

Hermundur nefnir sem dæmi að kennarar þurfi að gefa börnun áskoranir sem henta þeirra áhugasviði og þeirra getustigi. „Ef verkefni sem barnið fær er of erfitt þá getur það hellt úr lestinni, orðið leitt eða fundið fyrir kvíða og streitu. Lykillinn í þessu er áskorun miðað við færni, og þá verðum við að finna út nákvæmlega hvar barnið stendur.“

Uppstokkun

Að mati Hermundar þarf að stokka upp í skipulagi skóladagsins í grunnskólum Íslands. Langar kennslustundir, þá einkum margir tímar í bóklegum fögum, geti tekið á börnin. Best væri að hefja daginn á hreyfingu og almennt bæta meiri hreyfingu inn í skólastarfið.

Eins þyrfti að gefa börnunum rými til að virkja ástríðuna, t.d. með yndislestrartímum, meiri tónlist, myndlist, dansi og skák. Meðal mark-

miða verkefnis Hermundar, Kveikjum neistann, er að 95 prósent barna verði fulllæs eftir 2. bekk og þeim sé boðið upp á viðeigandi áskoranir miðað við færni þeirra og getu, í umhverfi sem skapi áhuga, með lestri góðra bóka. En þá þarf líka að vera gott aðgengi að bókum.

„Ímyndaðu þér ef það væru til tuttugu bækur fyrir hvert erfiðleikastig í lestri, sem oft er skipt í ellefu stig. Þá hefðu börnin úr nægu að velja. Ég hef kallað eftir þessum bókum í 10-15 ár. Við verðum að fara í þetta áttak. Við erum hér á landi með fullt af góðum rithöfundum sem gætu tekið það að sér að skrifa góðar og skemmtilegar bækur svo börnin hafi úr nægu að velja.“

Hermundur hefur einnig gagnrýnt lyfjanotkun og greiningu á börnun, einkum meðal ungra drengja. Hlutfall drengja með greiningu á athyglisbresti og/eða ofvirkni sé afar hátt hér á landi. Samt finnst Hermundi lítið vera gert í málunum.

Lægri hlutfall greininga sé

áhyggjumál yfirvalda annars staðar í heiminum, en ekki á Íslandi. Úr þessu telur Hermundur að megi bæta með því að bæta aðstæður þeirra í skólanum, bæta hreyfifærni, hreysti, einbeitingu, val og fókus hjá hverju barni.

Aðferðafræði

Byrjendalæsi er kennsluáferð sem miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hefur þróað frá árinu 2004 og hefur verið innleidd í marga grunnskóla landsins. Ágæti þessar aðferðar hefur verið umdeilt og gjarnan sett í samhengi við lakari árangur íslenskra grunnskólubarna undanfarin ár.

Illugi Gunnarsson gagnrýndi byrjendalæsi harðlega þegar hann var menntamálaráðherra árið 2015. Sagði hann að aðferðin byggði meðal annars á ótraustum grunni: „Menn eiga að geta spurt sig, þegar nýjar aðferðir eru innleiddar í íslenskt menntakerfi, hvaða lágmarkskröfur eru gerðar um rannsóknir og vísbendingar er varða ágæti þeirra – hvort



Lilja finnst mikilvægt að grípa til aðgerða til að efla börn í lestri.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Lilja og Hermundur eru sammála um að það þurfi að auka áhuga barna á lestri.

MYND/GETTY



„Við erum mjög aftarlega og erum með mikið fráfall úr framhaldsskólum, sérstaklega meðal drengja. Við erum með lægsta hlutfall háskóladrengja í vestrænum ríkjum.“

rétt sé að innleiða þær eða ekki. Ég tala nú ekki um þegar um lestur og stærðfræði er að ræða.“

„Við erum mjög aftarlega og erum með mikið fráfall úr framhaldsskólum, sérstaklega meðal drengja. Við erum með lægsta hlutfall háskóladrengja í vestrænum ríkjum. Þetta er

náttúrulega ekki gott. Þetta er ekki bara PISA,“ segir Hermundur.

Hermundur hefur bent á að alþjóðlegar samanburðarrannsóknir hafi ítrekað bent til þess að hljóðaðferðin svinefnda komi best út við upphaf lestrarkennslu. Lesturinn sé undirstaða alls náms og því

þurfi að vanda til verka frá upphafi. „Af hverju erum við með orðadæmi í öðrum bekk þegar mörg börn eru ekki vel læs?“

Í dag sé lestrargeta barna metin út frá leshraðamælingum, en Hermundur er lítið hrifinn af þeim og vitnar þá í fremstu sérfræðinga í heimin-

um í lestrarkennslu byrjenda, Finnann Heikki Lyytinen og Bretann Kate Natin við háskólann í Oxford.

„Ég er algjörlega á móti leshraðamælingum. Við erum að mæla leshraða frá fyrsta degi í skólanum, þrisvar á ári. Það getur engan veginn verið rétt. Þetta eru of erfiðar áskoranir fyrir marga. Þetta er ekki hlut af lestrarfærni-jöfnunni. Mælum frekar hversu margar bækur barnið las síðasta mánuðinn og hvaða þrjár því fundust skemmtilegastar“

Það sé þó ekki bara skólinn sem þurfi að koma að þessu átaki. „Svo þurfum við líka að fá foreldrana, ömmurnar og afana með. Það þarf að virkja alla í þessu svo börnin nái að lesa. Við getum ekki sætt okkur við annað.“

Afdráttarlaus

DV hafði samband við Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra, og spurðist fyrir um viðbrögð stjórnvalda við lakara gengi íslenskra grunnskólanema í lestri, þá einkum drengja.

„Fyrir það fyrsta, þá er ekkert mikilvægara ungu fólki en að ná góðum tókum á læsi og því tókum við stöðu drengja mjög alvarlega. Það er mjög brýnt að bregðast við með afdráttarlausum hætti, bæði til að efla færni, en ekki síður að vekja áhuga þeirra með spennandi lesefni. Þar gegnum við öll mikilvægu hlutverki; foreldrar, kennarar og stjórnvöld.“

Snemmbær stuðningur

Stjórnvöld hafa ráðist í ýmis verkefni til að bæta stöðuna og hafa fleiri í farteskinu.

„Aðgerðir stjórnvalda hafa verið af ýmsum toga, ráðist í lestrarverkefni og sérstöð

átök, gert tungumálinu hátt undir höfði, stutt veglega útgáfu bóka á íslensku sem hefur fjölgað útgefnum barnabókum og áfram mætti telja.

Núna erum við að stofna starfshóp um snemmbæran stuðning í skólakerfinu, og er hópnum m.a. ætlað að móta tillögur að aðgerðum til að bæta stöðu m.a. drengja í skólakerfinu. Ég hef miklar væntingar um að verkefnið skili tilætluðum árangri. Læsi er lykillinn að þekkingu, styrkir samfélög og leggur grunn að velsæld og virkri þátttöku allra.“

Treysta fagfólki

Lilja bendir á að margir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á skólakerfinu. „Stjórnvöld, ráðuneyti og stofnanir leggja stóru línurnar, skilgreina hæfniviðmið, smíða námskrár, búa til námsefni o.s.frv. á meðan sveitarfélögin annast daglegan rekstur grunnskólanna.“

Það séu svo skólastjórnendur og kennarar sem stýri kennslu og ákveði hvaða kennsluáferðir þeir noti. „Þær taka mið af aðstæðum, stærð skóla og bekkjardeilda, ólíku þroska- og hæfnistigi nemenda o.s.frv. Það er því ekki ráðherrann sem skipar fyrir um kennslu- hætti, heldur treystum við á okkar færa fagfólk á því sviði.“

Læsi mikilvægt

Allir ábyrgðaraðilar stefni að sameiginlegu markmiði: „Að búa börnin okkar undir framtíðina, tryggja að þau geti tekist á við lífið og látið framtíðardrauma sína rætast. Þar skiptir læsi gríðarlega miklu máli, enda er það almennt talin undirstaðan í öllu námi, sem gjarnan varðar leið fólks gegnum lífið.“

Lilja kveðst fagna öllum rökræðum um menntun því slík samtöl styrki skólakerfið á Íslandi. Sjálf kveðst hún ekki móttfallin því að prófa leshraða barna með reglubundnum hætti.

„Sjálfr er ég frekar hlynnt lesfimiprófum, þótt þau séu hvorki upphaf né endir alls í skólastarfi. Þau gefa sterkar vísbendingar um lestrarfærni barna, lestrarlag og lesskilning. Börn sem auðveldlega umbreyta skrifuðum texta í orð geta betur einbeitt sér að merkingunni og það er mikilvægt að þjálfra upp lestrarfærni.“

Góðar fyrirmyndir

Lilja hvetur foreldra til að lesa með börnum sínum, styðja þau og hvetja til góðra verka.

„Ég vona að allir foreldrar hafi tök á að styðja sitt barn á þessu sviði, vekja áhuga þeirra og hjálpa þeim við að finna lesefni sem fellur að þeirra áhugasviði. Lesa fyrir þau og með þeim, en slíkar stundir eru ómetanlegar bæði börnum og fullorðnum. Verið góðar fyrirmyndir, lesið sjálf fyrir framan börnin ykkar, ræðið við þau um tilfinningar og eflað trú þeirra á eigin getu.“

RANNSAKAÐI SÍNA EIGIN GLÆPI

Afbrotaferli hins suður-afríska lögreglustjóra Andre Stander hefur verið lýst sem „goðsagnakenndum“. Stander framdi bankarán og var jafnvel fyrstur á vettvang.

SAKAMÁL

Jón Þór
Stefánsson
jonthor@dv.is



Andre Stander fæddist í Suður-Afríku á fimmta áratug síðustu aldar. Stander þótti ágætis námsmaður framan af, en féll þó á stúdentsprófinu sem kom foreldrum hans mikið á óvart. Í stað þess að taka allt árið aftur fór hann í lögreglu-skólann. Faðir hans var yfirmaður í lögreglunni og setti mikla pressu á að sonurinn skyldi feta í fótspor sín. Á fyrsta ári sínu í lögreglu-skólanum var hann valinn „besti nýliðinn“ og nokkrum árum seinna var hann sjálfur orðinn yfirmaður í rannsóknardeild lögreglunnar í Jóhannesborg, einungis 31 árs gamall. Það var einmitt þá, árið 1977, sem hann fór að gera óvenjulega hluti.


Fyrstur á vettvang að rannsaka eigin rán

Talað er um að Stander hafi framið fyrstu ránin sín þegar hann var í fríi. Þá hafi hann keypt flug til borgarinnar Durban snemma um morgun, þar á hann að hafa komið sér í dulargervi, rænt bíl og síðan keyrt á áfangastað, sem yfirleitt var banki. Þar hafi hann framið vopnað rán með byssu sem hann otaði að bankastarfsfólki. Þegar hann fékk svo peningana keyrði hann aftur upp á flugvöll, eins og ekkert hefði í skorist.

Ránin urðu fleiri og fleiri. Í matarpásum átti hann það til að skreppa og ræna banka og mæta aftur á vakt. Hann var jafnvel fyrsti rannsóknar-lögreglumaðurinn á vettvang eigin glæps. Stander yfirheyrði jafnvel vitni, sem ótrúlegt en satt, könnuðust ekki við hann. Svo virðist vera að hann hafi fengið mikið út úr því að ræna.

Átti erfitt með að halda hlátrinum niðri

Stander sagði vini sínum, sem starfaði einnig hjá lög-reglunni, frá ránunum. „Hann viðurkenndi þetta fyrir mér. Fyrst fannst honum þetta óþægilegt, en svo gat hann hreinlega ekki stoppað. Hann gat ekki hamið sig, horfði á andlit fórnarlamba sinna og átti erfitt með að halda hlátrinum niðri. Það var einhver sadískur ein-



Kvikmynd var gerð eftir sögu Andre sem kallaðist Good cop, great criminal.

MYNDIR/SCOOP-WHOOP.COM

þess hlutu þeir nafnið Stander-gengið í fjölmiðlum. Eitt fyrsta ránið var í vopnabúð, þar sem þeir byrgðu sig upp af vopnum sem þeir notuðu svo í hin ránin. Trióíð rændi fyrst og fremst banka og það í stórum stíl. Ránin voru framin á skömmum tíma og þar af leiðandi frömdu þeir stundum nokkur á dag, þegar mest gekk á voru þau fjögur á einum og sama deginum.

Stander genginu tókst alltaf að vera nokkrum skrefum á undan lögreglunni, til að mynda notuðust þeir við þrennt húsnæði á mismunandi stöðum í borginni. Talið er að heildarþýfi þeirra hafi verið metið á um það bil 700.000 rönd, sem í dag væru hátt í 200 milljónir króna.

Bílaþjófnaður varð Stander að falli

Í byrjun árs 1984, þegar ránsæðið hafði staðið yfir í meira en tvo mánuði, fóru þremmingarnir að átta sig á því að tíminn færi að verða naumur. Lögreglan virtist alltaf vera nær því að góma þá og því fóru þeir að huga að því að koma sér í burtu. Á endanum voru það fylgdarkonur sem gerðu lögreglunni viðvart um eitt húsnæði þeirra.

Þá voru Stander og Heyl búnir að koma sér úr landi, en McCall var eftir. Lögregla umkringdi húsnæðið, en McCall ákvað að heyja skotbardaga við hana, frekar en að gefast upp. Það endaði með dauða hans. Heyl flúði til Evrópu þar sem hann flakkaði á milli staða, en var á endanum handtekinn í Bretlandi. Hann sat í fangelsi til ársins 2005, en lést í apríl á þessu ári.

Stander flúði aftur á mót til Flórída-fylkis. Hann var tekinn af lögreglunni á óskráðum Ford Mustang. Honum tókst að sannfæra lögregluna um að hann væri ástralskur rithöfundur, en missti bílinn. Stander tók það ekki í mál og stal bílnum aftur af lögreglustöðinni. Í kjölfarið komst lögreglan að því að þarna væri eftirsóttasti maður Suður-Afríku á ferð. Þegar átti að handtaka Stander reyndi hann að flýja, sem varð til þess að lögregluþjónn skaut á hann með þeim afleiðingum að hann lést.

Einfaldur og sorglegur endir á ótrúlegum glæpaferli eins afkastamesta þjófs heims. ■

eltis-kjarni í þessu.“ Vinur hans gerði lögreglu viðvart sem handtók Stander, eftir að hún lagði hald á stolinn bíl með dulargervunum sem hann notaði.

Stander var árið 1980 ákærður fyrir að fremja 28 rán. Hann var dæmdur sekur í 15 ákæruliðum og fékk 75 ára fangelsisdóm. Hann á að hafa rænt að minnsta kosti 100.000 suður-afrísk rönd, sem í dag yrði metið á tugi milljóna íslenskra króna „Ég neyddi hann til að fara í lögregluna gegn hans eigin óskum. Hann hefði átt að hætta þar fyrir mörgum árum.“ sagði faðir Standers eftir réttarhöldin.

Slapp úr fangelsi

Í öryggisfangelsinu Zonderwater kynntist Stander, Patrick McCall og Allan Heyl, en báðir voru bankaræningjar. Árið 1983 tókst þeim Stander og McCall að



Lögreglustjórinn stelsjúki Andre Stander.

flýja fangelsisvistina. Þeir lugu um veikindi og fengu tíma hjá sálfræðingi sem starfaði utan fangelsisins. Þeim tókst að yfirbuga þrjá fangaverði sem áttu að fylgjast með þeim og stela bíl sálfræðingsins til að komast á brott.

Í tvo mánuði létu þeir lítið fyrir sér fara, eða þangað til

þeir brutust inn í sérstakan endurmenntunarskóla fyrir fanga. Þar var Allan Heyl að taka próf, en hann fór á brott ásamt Stander og McCall.

Nokkur rán á dag í sögulegu ránsæði

Strax í kjölfarið tók við ótrúlegt ránsæði þeirra um Jóhannesborg, en vegna

REYKJAVIK
RAINCOATS



ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

**EKKI MISSA AF
FRÁBÆRUM TILBOÐUM**

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177


**AÐEINS Í VERSLUN
LAUGAVEGI 62**

Bestu vinir fræga fólksins

Það er sagt að hundurinn sé besti vinur mannsins. Samfélag hundaeigenda á Íslandi er stórt og er fræga fólk það ekki undanskilið. Franskur bolabítur virðist vera vinsæl tegund meðal stjarnanna.



MYND/ANTON BRINK



MYND/INSTAGRAM @TANJAYRA

TANJA ÝR OG EGILL HALDÓRSSON

Áhrifavaldaparið og frumkvöðlarnir Tanja Ýr Ástþórsdóttir og Egill Halldórsson eiga Chihuahua-hundinn Bellu sem er aðeins komin á aldur. Hún fær að ferðast með þarinu um landið og fregnir herma að hún sé algjör dekurrofa.

MYND/ADSEND



SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR

Söngkonan fékk sér hund af tegundinni Pug í febrúar 2019. Hundurinn fékk nafnið Sósa og er eins og hálf árs gömul. Nafnið passar vel við Sósu, en hún elskar kokteilsós og písur.



MYND/ANTON BRINK

GÍSLI MARTEINN

Fjölmíðlamaðurinn Gísli Marteinn Baldursson á Golden Retriever sem fékk nafnið Tinni, í höfuðið á teiknimyndapersónuninni og rannsóknarblaðamanninum Tinna. Hundurinn Tinni er með sína eigin Twitter-síðu og tæplega 650 fylgjendur.



MYND/INSTAGRAM @BIRGITLIF

BIRGITTA LÍF

Birgitta Líf Björnsdóttir, áhrifavaldur og markaðsstjóri World Class, á hundinn Bellu af tegundinni French Bulldog. Birgitta fékk Bellu í mars 2019 og hefur síðan þá verið dugleg að birta myndir af henni á Instagram.



MYND/INSTAGRAM @SARASIGMUNDS

SARA SIGMUNSDÓTTIR

CrossFit-stjarnan Sara Sigmundsdóttir fékk sér hund í byrjun júlí 2020. Krúttíð fékk nafnið Moli Söruson og viðurkenndi Sara að hún væri orðin biluð hundakona. „Moli er stærsti, þyngsti og mesti klaufinn af fimm hvolpum sem hundur systur minnar eignaðist í miðri sóttkví [...] Ég get með sanni sagt að ég hef aldrei elskað neinn eins mikið,“ sagði hún.



MYND/INSTAGRAM @SOLVITRYGG

SÖLVI TRYGGVA

Fyrr í vikunni greindi fjölmíðlamaðurinn Sölvi Tryggvason frá því að nýr fjölskyldumeðlimur væri mættur. „Algjört ofurkrútt og strax orðinn mikill gleðigjafi,“ sagði hann á Instagram. Sölvi greindi ekki frá nafni hvolpsins sem virðist vera af tegundinni French Bulldog.

JÓN GNARR

Grínistinn og fyrrum borgarastjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, er mikill hundavinur. Jón átti lengi vel hundinn Tobba af Terrier-kyni sem vinur hans og samgrínari Sigurjón Kjartans hugsaði um þegar Jón bjó tímabundið í Bandaríkjunum. Þegar Jón kom heim voru Sigurjón og Tobbi orðnir svo miklir mátar að Sigurjón fékk að eiga Tobba. Í dag á Jón hundinn Klaka.



MYND/INSTAGRAM @ALEXANDRAHELGA

GYLFI SIGURÐARSON OG ALEXANDRA HELGA ÍVARSDÓTTIR

Hjónin hafa átt hundinn Koby frá árinu 2012. Þau halda árlega upp á afmæli Koby með köku og öllu tilheyrandi. Hann er ekki skilinn útundan og það má sjá hann á brúðkaupsmyndum hjónanna. Hann flaug einnig með þeim í einkapotu til Ítalíu eftir brúðkaupið. Koby er af tegundinni Cavalier.




MYND/TWITTER

DORRIT MOUSSAIEFF

Það komst í heimspressuna þegar Dorrít tilkynnti komu hins nýja Sáms, sem er klónn af Sámi, gamla hundi hennar og Ólafs Ragnars Grímssonar. Fráfall hins upphaflega Sáms tók mikið á Dorrít og ákváðu hjónin að leita óhefðbundinna leiða í leit að nýjum hundi. Þau höfðu samband við bandaríska klónunarfyrirtækið ViaGen Pets og kom hinn nýi Sámur í heiminn í október 2019. Hann fékk nafnið Samson og kom loksins til Íslands í júlí 2020.

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason:

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar.“

Einar Kárason:

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótiskör formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigurum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný:

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.

Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaðskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Eigendur Spilavina, vinkonurnar Svanhildur Eva Stefánsdóttir og Linda Rós Ragnarsdóttir, stofnuðu verslunina árið 2007, rétt áður en kreppan skall á. Það á því vel við að þær stofni næsta anga af starfseminni í miðjum faraldri. Nýlega opnuðu þær kaffihúsið Spilakaffi í versluninni í Skeifunni ásamt Eðvarði Arnóri Sigurðarsyni og Þorláki Lúðvíkssyni, en þar getur fólk fengið sér kaffibolla, kruðurí, mat og bjór á meðan það spilar.

„Við vorum bara búin að ákveða þetta fyrir löngu. Kaffihús og Spilavinir er svo fullkomið samband. Þetta er búið að vera í vinnslu í langan tíma og núna erum við loks búin að opna,“ segir Þorlákur.

Lífið heldur áfram

„Leyfin komu akkúrat í miðjum faraldrinum, við vorum búin að sækja um þetta fyrir COVID og þá vorum við náttúrulega ekkert að fara að láta það stoppa okkur. Jú, það er faraldur í gangi en lífið heldur áfram, við verðum að halda áfram,“ segir Svanhildur og bendir á mikilvægi þess að fólk eyði tíma saman.

„Við vildum ekki gefast upp og sleppa því að opna vegna faraldursins, heldur vildum við frekar breyta vinnureglum og haga okkur öðruvísi. Það er eitthvað sem við erum góð í að gera, við erum góð í að laga okkur að aðstæðunum.“

Eitthvað sem margi vantar

Svanhildur segir að í Spilavinum hafi alltaf verið hlustað á óskir viðskiptavina verslunarinnar. Þaðan kom bæði hugmyndin og einnig þrýstingurinn á að opna kaffihús í versluninni. „Það að hafa pláss til að hitta vini sína og spila — það hafa ekki allir aðstöðu til að bjóða heim til sín — og geta jafnvel fengið sér eitthvað með því, veitingar, bjór eða kaffi, er eitthvað sem mörgum vantar,“ segir Þorlákur. Einnig er vinsælt að halda barnaafmæli á staðnum, en á neðri hæðinni er hálfgerð ævintýraveröld fyrir spilakát börn.

Á kaffihúsinu er boðið upp á afar heimilislegt umhverfi og er spilasvæðinu á neðri hæðinni skipt í nokkrar stofur. „Þegar maður situr í stofunni líður manni frekar eins og maður sé staddur í heimsókn hjá einhverjum, frekar en inni í verslun eða á kaffihúsi,“ sagði gestur á staðnum þegar DV bar að garði.

Margir mismunandi hópar hafa haft samband við Spilakaffi og fengið að koma. „Roleplay-hópar, vinkonuhópar, starfsmannahópar og prjónahópar hafa verið að koma til okkar. Þetta er góður vettvangur til að vera út af fyrir sig í stofu saman,“ segir Svanhildur og hvetur hópa af öllu tagi að heyra í þeim og koma til þeirra.



Eigendur spilavina sáu tækifæri á markaðnum og opnuðu kaffihús í verslun sinni.

MYNDIR/ANTON BRINK

Hér kynnist fólk

Stærsta spilaverslun landsins hefur nú opnað kaffihús þar sem öl í krús og slagur á borði geta orðið upphafið að nýrri vináttu, en opin spilakvöld njóta mikilla vinsælda. Pítsa og pakk er góð kvöldstund.

Eitt stærsta spilafsn landsins og gott bjórúrval

Það sem Spilakaffi hefur upp á að bjóða, annað en veitingar og drykki, er aðgangur að einu stærsta spilafsn landsins. „Fyrir suma er það mikill kostnaður að kaupa sér stórt spil og hérna gefst fólki kostur á að spila spilin, án þess að kaupa þau.“

Spilakaffi býður þó ekki aðeins upp á mikið úrval af spilum, úrvalið af bjór er ekki síðra. „Við erum nördar og vildum vera með bjóra frá litlum brugghúsum. Þess vegna erum við líka með spennandi úrval af góðum íslenskum björum.“

Spilavinir hafa haldið opin spilakvöld í versluninni undanfarnin 13 ár. „Hér kynnist fólk sem deilir sama áhugamáli. Það myndast ákveðin menning og stemning í kringum það. Fólk getur komið hingað einsamalt og hitt aðra sem hafa sama áhugamál. Það hefur mikill vinskapur myndast hér og spilahópar orðið til.“

Spilakvöldin hafa verið haldin reglulega en þó hefur alltaf liðið einhver tími á milli, vika eða tvær. Með opnuninni á Spilakaffi getur fólk hist og spilað saman alla daga vikunnar. „Það er hægt



Hér er ekkert gefið eftir og einbeitingin í botni.

Ég kem oft á borðin til að skera úr um hvað er rétt og hvað er rangt í spilin.

áð spila og fá léttar veitingar. Þá er líka hægt að fá aðstoð við spilið, kannski vantar bara dómara og ég kem oft á borðin til að skera úr um hvað er rétt og hvað er rangt í spilin.“

Margir viðburðir fram undan

Á döfinni er að halda viðburði á kaffihúsinu. „COVID hafði talsverð áhrif á það hvernig maður getur haldið viðburði. Við höfum þó verið að finna leiðir til þess að vinna með þeim reglum sem sóttvarnalæknir setur og hanna og

hugsa spilaviðburði innan þess,“ segir Þorlákur.

„Það eru margir viðburðir fram undan hjá okkur, það eru þemaspilakvöld, tveggja manna spilakvöld, PubQuiz í alls konar flokkum, svo munum við halda mót og halda kennslu í spilunum fyrir mót,“ segir Svanhildur en þess má geta að undanfarnin ár hefur Íslandsmeistaramótið í Carcassonne verið haldið á vegum Spilavina. Sigurvegari mótsins fær síðan keppnisrétt á heimsmeistaramótinu í spilin. ■

Nýtt skrautblóm nú vaxið á akri Alþýðubandalagsins

Steingrímur J. Sigfússon ætlaði sér aldrei að sitja lengi á þingi. Eftir tæpa fjóra áratugi á Alþingi verður að teljast ljóst að hann hafi síðan alfarið skipt um skoðun.

TÍMAVÉLIN

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Steingrímur J. Sigfússon er forseti Alþingis og þingmaður Vinstri grænna. Hann þarf vart að kynna fyrir lesendum, enda verið kjörinn fulltrúi Íslendinga á Alþingi í tæplega fjóra áratugi. Hins vegar hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan ungi hugsjónamaðurinn Steingrímur – þá aðeins 28 ára gamall – settist fyrst á þing árið 1983. Steingrímur var þjóðinni þá kunnur sem íþróttafréttamaður með sérstakt dálæti á blaki, en hann hafði þó lengi brunnið fyrir pólitík, eða allt frá því að hann kynntist sósíalisma í skiptinámi á Nýja-Sjálandi.

Nýtt skrautblóm


Tíminn birti síðar grein þar sem sagði um hinn nýja þingmann: „Nýtt skrautblóm er nú vaxið á akri þingliðs Alþýðubandalagsins. Steingrímur J. Sigfússon er hinn vörpulegasti maður, íþróttagarpur og hefur ekki spilt hinu þingeynska tungutaki sínu í ólgusjó langskóla-kerfisins.“ Steingrímur J. var sestur á Alþingi og síðan þá hefur hann ekki staðið þaðan upp, enda líkaði honum vel við starfið frá fyrsta degi.

„Þingmannsstarfið leggst vel í mig og auðvitað vonast ég til þess að hafa einhver áhrif á þróun mála,“ sagði Steingrímur í viðtali við Helgarblaðið.

„Hin er ekki að neita, að ríkjandi skipulag á þessari stofnun hefur tilhneigingu til að aðlaga nýliðana að sjálfu sér. Vissulega er hætta á því að nýir þingmenn verði fljótt „samdauna“ – svo ég noti það neikvæða orð – og hverfi fljótt inn í fjöldann. Hafi þannig minni áhrif en vonast var til.“

Eldast illa

Það hafa ekki margir þingmenn afrekað það að sitja jafnlengi á hinu háa Alþingi og Steingrímur hefur, á sínum 37 árum á Alþingi. Það muna þó kannski færri að það var engan veginn ætlun



Íþróttafréttamaðurinn fór á þing.
MYNDTIMARIT.IS



Steingrímur hefur tekið jakkafötin í sátt.

MYND/ANTON BRINK

hans þegar hann var 28 ára gamall og blautur á bak við eyrun.

„Mér finnst þingmenn vera fljótir að verða gamlir og þreyttir. Þeir eldast illa. Þetta er ég mest smeykur við, og ég vona, að þingmennskan breyti mér ekki á þennan hátt. Það versta sem gæti komið fyrir, er að þingmennskan breytti mér í eitthvað annað en ég vil vera.“

Var Steingrímur þeirrar trúar að enginn þingmaður ætti að sitja lengi á þingi í einu. „Þeir steypast mikið í sama mót. Það ætti enginn að vera lengi á þingi í einu. Menn ættu að taka sér hvíld, þegar þeir eru orðnir þreyttir.“

Bindismálið

Steingrímur settist fyrst á þing fyrir Alþýðubandalagið og var með sanni alþýðlegur. Hann var ekki mikið fyrir að klæða sig upp fyrir þingstörfin og taldi jakkaföt óheppilegan vinnuklæðnað. Hann var því skammaður fyrir að mæta óprúðbúinn til þingstarfa og var málið kallað Bindismálið. Það mál fékk þó farsæla lausn. Sagði Steingrímur í áður nefndu viðtali fyrir 37 árum:

„Bindismálið, já. Þetta er nú ekki stórmál, en jú, það er komin lausn á því, eða áfangi að lausn. Hæstvirtur forseti neðri deildar Alþingis, Ingvar Gíslason, hefur lýst yfir að ég þurfi ekki að vera í jakka-

fötum og með bindi á deildarfundum.

Hann færir þau rök fyrir þessu, að á sama hátt og menn gátu aflagt kjölföt og pípuhatt sem vinnuklæðnað á Alþingi hljóti menn líka að geta aflagt dökk jakkaföt og hálsbindi.

Mér finnst að menn ættu að geta klæðast þeim vinnufatnaði sem þeim líður vel í og mér hafa alltaf þótt jakkaföt heldur óþægilegur vinnuklæðnaður.“

Steingrímur fannst þó eðlilegt að taka tillit til hefða í klæðaburði. Sést hann í dag ekki í ræðustól öðruvísi en í jakkafötum með bindi og hefur sem forseti Alþingis skammast í öðrum þingmönnum fyrir að leika slíkt ekki eftir.

„Þetta er sama vitleysan og á skemmtistöðum, þar sem þeir sem bregða út frá venju í klæðaburði eru veiddir úr við útidyrnar vegna þess að þeir þykja líklegastir til óskemmtilegra uppátækja. Þetta rekur sig allt aftur til þess tíma þegar stéttaskipting var undirstrikuð í klæðaburði,“ sagði Steingrímur við Helgarpóstinn.

Framsóknarmaður?

Þarna í sögu Steingríms talaði hann um sjálfan sig sem sósíalista, eins og sjá má í viðtali sem birtist við hann í blaðinu Austurland í desember 1988. Þá var Stein-

grímur orðinn ráðherra og var nokkur spenna fyrir því hvað þessi vinstri sinnaði maður ætlaði sér að gera í embætti. Hins vegar voru ekki allir sem litu Steingrím þeim augun.

Eftir að hann var kosinn varaformaður Alþýðubandalagsins árið 1989 birtist grein í Morgunblaðinu þar sem Steingrímur var berum orðum kallaður „framsóknarmaðurinn í Alþýðubandalaginu“ og rök færð fyrir þeirri fullyrðingu.

„Andstæðingar hans innan Alþýðubandalagsins kalla hann íhaldssaman framsóknarmann og gamaldags stjórnámamann. Samherjar hans aftur á móti eiga vart nægilega sterk orð til að lýsa kostum hans, einkum miklum dugnaði og þrautseigju.“

Gamall í anda

Þótti Steingrímur gamaldags í skoðunum og hugsunum og gerðu margir að því grín að skoðanir hans í bland við skeggið og skallann bæru þess merki að hann væri í raun mun eldri í andlegum árum en raunaldur hans sagði til um.

„Einn af fyrrverandi blaðamönnum Þjóðviljans segir að Steingrímur sé elsti Íslendingur sem hann hafi kynnt, að því leyti að hann hefði haft, á þessum tíma, sömu skoðanir og má finna hjá mönnum á sextugsaldri. Það hefði verið helst á honum að skilja að hefja bæri orf og ljá aftur til vegs og virðingar.“

Leiðtogi framtíðarinnar

Í greininni í Morgunblaðinu var spurt hvort svo gamaldags þingmaður gæti orðið leiðtogi í framtíðinni. „Sem fyrr segir er Steingrímur mjög metnaðarfullur og margir telja líklegt að hann stefni hærra en í varaformannsembættið. Spurningin er hvort maður sem andstæðingar telja stjórnámamann fortíðarinnar geti orðið leiðtogi framtíðarinnar.“

Þeirri spurningu er auðsvarað í dag. Eftir 37 ár á þingi og eftir að hafa verið hluti af forystu Vinstri grænna frá því að flokkurinn var stofnaður, má með sanni segja að hann gat vel, og varð leiðtogi framtíðarinnar. ■

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í

Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesenda sem stendur í skilnaði.

Sérfræðingur svarar



HVERNIG SKILJUM VIÐ FALLEGA?

Sæl Kristín. Ég og maðurinn minn höfum ákveðið að skilja. Eins og svo marga þá langar okkur til þess að gera það vel. Ég hef oft heyrt þessu fleygt fram en ekki séð mörg dæmi um framkvæmd þess. Við eigum þrjú börn á aldrinum 8-16 ára og viljum að sjálfsgöðu það sem er þeim fyrir bestu. Getur þú gefið okkur ráð til þess að fyrirbyggja að allt fari í háaloft og við getum skilið fallega? Bestu kveðjur, skilnaðarhónin.

Kæru skilnaðarhón

Geggjuð spurning! Ég verð að byrja á að hrósa ykkur fyrir frábæra nálgun. Það er alveg hægt að skilja vel þó ég átti mig á því að við heyrum oftar sögur af skilnuðum sem enda illa. Með þá vitneskju og trú í hjarta komist þið ansi langt.

Það skilur enginn klukkan þrjú á þriðjudegi. Það kallar alltaf á ferli, aðdraganda og umræðu. Margir þurfa að taka eitt skref áfram og annað aftur á bak.

Reynsla mín af vinnu með pörum kennir mér að þegar ákvörðun um skilnað liggur fyrir er ákveðinn sigur unninn. Ástæðan er sú að margir hafa gengið lengi með þessa hugmynd í maganum, fetað sig í gegnum mörg stig skilnaðarferlisins og þegar ákvörðunin er komin upp á borð þá finna margir fyrir létti. Ákvörðunin er sem sagt veigamikil skref í þessu ferli. Hún virðist vera komin hjá ykkur og ég samgleðst fyrir það.

Samskiptin við börnin

Margir velta því fyrir sér hvernig best sé að segja börnunum frá ákvörðuninni og hvað beri að varast í slíkri umræðu. Þar eru þið sérfræðingarnir því þið þekkið ykkar börn best. En það sem ég þó get sagt ykkur er að óvissa getur auðveldlega framkallað kvíða. Þannig að, því meira sem þið getið upplýst börnin ykkar um því betra. Hvar munum við búa? Hvernig verður umgengnin? Höfum við eitthvað um þetta að segja? Hvernig líður ykkur með þetta? Af hverju eruð þið að skilja? Þið getið búið ykkur undir allar þessar spurningar og fleiri til. Ef þið eruð með svörin á hreinu þá verða börnin ykkar öruggari. Ég



MYND/GETTY

Það skilur enginn klukkan þrjú á þriðjudegi. Það kallar alltaf á ferli, aðdraganda og umræðu. Margir þurfa að taka eitt skref áfram og annað aftur á bak.

mæli stundum með því að fólk æfi sig í að segja fréttirnar, sé vel upplagt, helst saman og á tíma þar sem allir hafa næði til þess að melta fréttirnar. Þá getur upplifun barnanna ráðist af því hvernig þið berið ykkur, hvaða orð þið notið, hversu samstíga þið virðist vera og jafnvel í hvaða tóni fréttirnar eru sagðar.

Í tengslum við börnin þá sýna rannsóknir að það er vont fyrir framtíðarvellíðan barna að búa við togstreitu í sambandi foreldra. Sömu leiðis sýna þær að skilnaðir eru erfildir fyrir börn í að meðaltali tvö ár. Þegar börn sem hafa upplifað skilnað fyrir meira en tveimur árum eru borin saman við börn sem búa við

hamingjusamt samband foreldra sinna, með tilliti til vellíðanar, má ekki greina marktækan mun. Það eru þó á lofti vísbendingar um að skilnaðarbörnin búi yfir örlítið meiri styrk, sem rekja má þá til þess að þau hafa upplifað ákveðið mótlæti.

Til mikils að vinna

Aftur á móti, ef illa er staðið að skilnaði, deilan um börn, fjármuni, umgengni, hunda og fleira varir í mörg ár og fer fyrir dómstóla, jafnvel í fjölmiðla og fleira þá hefur slíkt ferli tekið gríðarlega á börn með margvíslegum hætti. Hér á Íslandi er talið að það sé í 8% skilnaða sem málum lyktar með þeim hætti. Það

gefur þó að skilja að það væri vafalaust ekki betra fyrir börnin að foreldrar þeirra byggju saman. Bæði er vont og þarna þurfa fagaðilar að koma meira að og hið opinbera að styðja betur við, en það er önnur saga.

Þessar tölulegu upplýsingar ættu þó að styrkja ykkur enn frekar í áformum um að skilja fallega. Það er til mikils að vinna, ekki bara fyrir hamingju ykkar, heldur líka barnanna.

Og þá komum við að því hvernig það fer fram... og ef það væri til uppskrift að slíku þá myndu nú flestir fylgja henni, er það ekki? Það sem gildir hér er að finna sínar lausnir, prófa sig áfram með

það sem virkar, gera mikið af því og lítið af hinu sem hentar ykkur síður.

Að setja ný mörk

Það er alltaf nýtsamlegt að skoða fjölskyldutengsl út frá mörkum og kerfum. Nú hafið þið verið í parakerfi sem hjón, og eruð að leggja út í vegferð sem snýr að því að breyta „parakerfinu“ í „fyrirverandi-maka kerfi“. Í því ferli felst að draga mörk og línur þar sem þær hafa ekki áður legið. Sem dæmi má nefna að þið munið aðskilja fjármál og hafið ekki innsýn inn í fjárhagslega stöðu hvort annars. Hvar annars staðar þurfið þið að draga mörk? Þarf að ræða hvernig þið umgangist sameiginlega vini héðan í frá? Hvernig viljið þið skipta umgengni við börnin ykkar? Hvenær ræðið þið saman um mikilvæg mál? Hvaða mál passar ekki að þið ræðið? Um þetta má gera samkomulag og því skýrara sem það er, því minni líkur eru á erfiðleikum eða misskilningi í ferlinu.

Margir upplifa sig tilgerðarlega þegar samskiptaháttum er breytt, varðandi t.d. hvernig fólk heilsast eða kveður. Hvenær það stígur inn í til að styðja og hvenær það heldur sig til hlés. Segjum sem svo að áður fyrr kysstust þið þegar þið hittust eftir erfiðan vinnudag. Passar það núna?

Svo er það annað mál að einstæðir foreldrar eru einstæðir að meðaltali í tvö ár. Það segir okkur að yfirleitt er það mjög svo tímabundið ástand að fólk sé eitt eftir skilnað. Á þessu tímabili skapast reglur milli ykkar fyrirverandi hjóna sem mögulega þarf svo að endurskoða þegar nýjir makar bætast í „söfnuðinn“. Seinni tíma vandamál, en ágætt að spegla sig í hugmyndinni um slíkar aðstæður síðar meir.

Ég vona að framangreindar upplýsingar geti komið að góðum notum en ég er sannfærð um að þið finnið ykkar fallegu leið þannig að öllum líði vel sem allra fyrst. Gangi ykkur vel. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálfsgöðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

Tryllt jóladagatöl fyrir fullorðna fólkið

Hermosa er ein stærsta og farsælasta netverslun með kynlífstæki á Íslandi í dag. Upphafið má rekja til þess að eigendurnir, Vilhjálmur Þór Gunnarsson og Kristín Björg Hrólfsdóttir fluttu inn kynlífstækjadagatöl og komu auga á verðósamræmi á markaðnum.

Dagatölin slógu heldur betur í gegn enda vorum við að bjóða upp á verð sem sást alls ekki hér á landi. Við komum líka strax auga á mikið ósamræmi í verði á kynlífstækjum almennt. Það var oft hátt í 50% verðalagning hjá íslenskum heildsölum, ofan á það sem varan kostar á til dæmis Amazon, með flutningi, sköttum og öllu því sem það kostar einstakling að flytja inn eina vöru. Því vatt þetta fljótt upp á sig og síðan þá höfum við haft það að leiðarljósi að bjóða upp á fyrsta flokks kynlífstæki á frábæru verði. Nú erum við spennt að tilkynna að við ætlum að bjóða upp á algerlega sturluð kynlífstækjadagatöl í ár. Við erum viss um að þetta eigi eftir að klárast mjög fljótt og því er ráðlegt að þeir sem hafa áhuga á að panta dagatölin geri það sem fyrst,“ segir Vilhjálmur.

Unaðsleg kynlífstækjadagatöl í forsölu: Fyrstur pantar fyrstur fær
Á föstudaginn 11. september hefst forsala á nýjum og spennandi kynlífstækjadagatölum hjá Hermosu. „Í fyrra fundum við ekkert dagatal sem stóðst okkar kröfur, en núna í ár höfum við landað tveimur frábærum dagatölum sem henta allskonar pörum. Þetta eru ótrúlega vegleg dagatöl og það sem gerir þau frábregðin flestum öðrum er að þau innihalda ekki bara vörur frá einum framleiðanda. Hægt er að velja um Premium-kynlífstækjadagatal og svo Classic-dagatal.“

Úrvalsvörur í svefnherbergið
Premium-dagatölin eru sérlega vegleg með frábært úrval af hágæða kynlífstækjum. Dagatalið kostar 39.990 kr. en verðmæti varanna er um 150.000 kr. „Þetta eru 28 vörur, sem þýðir að í sumum gluggum eru fleiri en ein vara. Þá er meðalverðið á hverri vöru fyrir sig 1.428 kr. sem er lægra verð en á ódýrustu vörunni í dagatalinu. Við erum að tala um Womanizer-vörur, paratæki, alvöru leðurvörur, múffur, titrara, sleipi-efni og alls konar unaðstæki til þess að gera desemberskammdegið að skemmtilegasta tíma ársins.“

Sígildar unaðsvörur
Hitt dagatalið er alls ekki síðra. Dagatalið er á 24.990 kr. en verðmæti varanna er um 80.000 kr. „Vörurnar í þessu eru mjög góðar og sígildar, en vörumerkin eru minna þekkt. Við höfum þó verið að selja frábærar vörur frá þessum aðilum og við vitum að þetta eru flott vörumerki. Þarna eru kegal perlur, titrarar, dildóar, sogtæki, bdsm-dót, typpahringur og paratæki. Það verður enginn svikinn af þessum munúðarpakka.“

Samdægurs sendingarþjónusta
„Við vinnum sífellt að því að bæta þjónustuna hvar sem hægt er, en viðskiptavinir okkar hafa kunnað



Kristín og Vilhjálmur eru spennt að tilkynna að þau ætla að bjóða upp á algerlega sturluð kynlífstækjadagatöl í ár.

MYND/VALLI



Dagatölin eru ótrúlega vegleg og innihalda ekki bara vörur frá einum framleiðanda.

vel að meta góða verðið, fríu heimsendinguna og hvað vefsíðan er þægileg og einföld í notkun. Okkar markmið hefur alltaf verið að einkorða úrvalið við fyrsta flokks vörur. Eins og við segjum oft, þá nennir enginn að skoða 300 dildóa í leit að þeim eina rétta. Við erum búin að leggjast í rannsóknarvinnuna til að einfalda þér lífið.

Það nýjasta hjá okkur er að nú bjóðum við upp á samdægurs heimsendingu, sækja á N1 á leið heim úr vinnu eða í vöruhús. Ef pantað er fyrir hádegi þá geturðu fengið vöruna heimsenda samdægurs. Þetta er í raun engu flóknara en að panta pizzu. Þú færð sms þegar varan fer í bílann og svo annað þegar það eru 15-20 mínútur í að hún kemur til þín. Það þarf því ekki að bíða heima í heilan dag eftir heimsendingu. Ef fólk vill sækja, þá er hægt að sækja sendingar frá kl. 17 og fram á kvöld á allar N1 stöðvar. Þessi kostur hentar mörgum sem vilja kippa pakkanum með sér heim úr vinnu og vilja ekki þurfa að vera heima. Einnig er hægt að sækja sjálfur í vöruhúsið fyrir kl. 17.00 á daginn.

Einnig höfum við bætt við lifandi spjalli á síðunni okkar. Þá geta viðskiptavinir náð í okkur á næstum hvaða tíma sólarhringsins sem er. Við erum nánast alltaf við, því við getum hvort heldur sem er svarað í tölvunni eða símanum.“ ■

Fallegur paratitari frá We-Vibe sem að mun krydda vel upp á kynlífið í desember. Tækið virkar í flestum stellingum og veitir báðum aðilum unað.



Fjarstýrðu egginn frá Easy Toys passa vel í nærbuxurnar. Makinn fær svo fjarstýringuna og getur kveikt á egginu hvar og hvenær sem er. Gefðu frá þér stjórnnina, þú munt ekki sjá eftir því.

Sogtækin frá Womanizer hafa tröllriðið kynlífstækjamarkaðnum undanfarið.

Kíktu við í hermosa.is og skoðuðu úrvalið.
Facebook: Hermosa.is
Instagram: hermosaisland

Una í eldhúsinu

Í rigningu og rútínu er gott að leyfa sér aðeins. Una Guðmunds deilir hér uppskriftum að súkkulaðibombum sem gera helgina að dísætum draumi. Köld mjólk með og allt er æði.



Brownie með Oreo kekkökum

250 g smjör
3,5 dl sykur
2 dl kakó
4 tsk. vanillusykur
4 egg
3 dl hveiti
1 pakki Oreo kex

Loks er hveiti sigtað saman við og hrært vel í blöndunni. Gott er að smyrja ferkantað form að innan og hella deiginu ofan í.

Áður en kakan er sett í ofninn er Oreo kekkökum stungið ofan í deigið.


Stillið ofninn á 180 gráður við undir- og yfirhita.

Smjörið brætt í potti og leyft aðeins að kólna, passið að það sé ekki sjóðandi heitt.

Sykri, kakó, vanillusykri og eggjum bætt út í pottinn og hrært saman.

Bakað við 180 gráður í um það bil 20-22 mínútur (kakan á að vera dálítið blaut þegar hún er tekin út), kakan er látin kólna í forminu.

Fallegt er að skera svo kökuna í minni bita, skreyta með berjum og jafnvel að sigta smá flórsykur yfir.



MYNDIR/AÐSENDAR

Mariúkaka

3 egg
3 dl sykur
4 msk. smjör
100 g súðusúkkulaði
1 tsk. salt
1 tsk. vanilludropar
1 ½ dl hveiti
1 ½ dl pekanhnetur

Þeytið saman egg og sykur.

Bræðið smjör og súkkulaðið saman og hellið saman við eggjablönduna.

Blandið næst þurrefnunum saman við og hrærið saman.

Smyrjið bökunarform að innan með smjör og hellið blöndunni í, bakið við 170 gráður í um 20 mínútur.

Kakan er tekin út úr ofninum og hnetunum stráð yfir kökuna og karamellunni síðan hellt yfir hneturnar, kakan sett inn í ofn og bökuð aftur við um 15 mínútur.



Karamella
4 msk. smjör
1 dl púðursykur
3 msk. rjómi

Til þess að gera þunna karamellu, setjið þið allt saman í pott við vægan hita og hrærið í þar til púðursykurinn er uppleystur.

STEIKARVEISLA

- Humarsúpa
- Nauta piparsteik
- Súkkulaði Lion Bar

Kynningarverð 5.990 kr.

Fullt verð: 8.990 kr.

Fordrykkur fylgir hverri 5.000 kr. ferðagjöf

**BÓKA
BORÐ**



FOOD CELLAR

MATARKJALLARINN

Algjör nammigrís og elskar litríkan og bragðsterkan mat

Helga Vala er sannkallaður þúsundþjalasmiður. Hún er alþingismaður, leikkona og lögfræðingur. Hún er einnig mikill matarunnandi. Hvað ætli hún borði á venjulegum degi?

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Helga Vala Helgadóttir hefur setið á Alþingi fyrir Samfylkinguna síðan árið 2017. Hún er dóttir hinna ástsælu leikara Helgu Bachman og Helga Skúlasonar. Helga Vala fetaði í fótspor foreldra sinna og er lærð leikkona. Hún er einnig lögfræðingur að mennt og fékk lögmannsréttindi árið 2011. Við fengum að vita hvernig venjulegur dagur er í lífi hennar.

„Ég er morgunhæna og mæti því fyrir allar aldir í ræktina mína, sem ég er blessunarlega komin aftur af stað í. Ég kem svo heim í sturtu og morgunmat og hittí fjölskylduna mína fyrir vinnudaginn á Alþingi, sem er oft og tíðum ansi fjölbreytilegur og mislangur,“ segir hún.

Algjör nammigrís

Helga Vala segist fylgja býsna hollu mataræði en hennar veikleiki er sätindi.

„Ég vildi að ég gæti svarað að ég fylgdi í hvívetna hollu og sykurlausu mataræði en þá væri ég að ljúga. Ég er algjör nammigrís og bara verð að taka mig taki oft í viku til að sleppa því að úða í mig alls konar sykuráttumelaði,“ segir hún.

„Mataræði mitt er hins vegar býsna hollt. Ég borða töluvert af grænmeti, ávöxtum, korni og fiski, en minna af kjöti í seinni tíð. Léttir grænmetisréttir eru í uppáhaldi en einnig salat og ítalskir réttir hvers konar.“

Helga Vala nýtur sín í eldhúsinu og hefur yndi af að standa lengi í eldhúsinu og elda alls konar litríkan mat. „Ítalskan, indverskan, marokkóskan eða bara hvað sem er og þá skiptir útlitið máli. Matur verður að vera lokkandi fyrir augað auk þess að vera bragðgóður og mér skilst að ég sé bara fínasti kokkur. Að minnsta kosti fer það orð af mér hjá stórfjölskyldunni sem fær stundum að njóta afurðanna. Eldhúsverkin verða þannig mitt jóga, nokkurs konar hugleiðsla þar sem ekkert truflar nema suðan í pottunum og uppskriftin sem þarf að fylgja hóflega mikið,“ segir Helga Vala.



Léttir grænmetisréttir eru í uppáhaldi hjá Helgu Völu.

MYND/ANTON BRINK

Matseðill Helgu Völu

Morgunmatur

Skyr með nýja granólanu hennar Tobbu, sem reyndar er hættulega gott. Kaffi.

Millimál

Ávextir, hrökkbrauð eða soðið egg á nefndasviði þingsins – og kaffi – en oftast ekkert.

Hádegismatur

Fjölbreytt, stundum skyr, stundum einhver matur, stundum brauðsneið – já og kaffi.

Millimál

Á góðum degi ávextir, of oft bara eitthvað drasl. Já og svo enn þá meira og meira kaffi.

Kvöldmatur

Egg, grænmeti, fiskur, pasta, salat, súpa, bara alls konar, yfirleitt ekkert kaffi.

„Matseldin þarf alls ekki að vera einhver flækja heldur bara hóflega mikil ást.“

Hóflega mikil ást

„Uppáhalds máltíðin er máltíð með fjölskyldunni og vinum, þar sem setið er lengi og spjallað um allt milli himins og jarðar. Alls konar brögð, alls konar litir og alls konar fólk. Matartíminn er samverustund sem best er að sé passlega lífleg og lekker. Líka þegar fram er borin soðin ýsa og kartöflur með smjöri. Matseldin þarf alls ekki að vera einhver flækja heldur bara hóflega mikil ást,“ segir Helga Vala.

Aðspurð hver uppáhalds uppskrift hennar sé þessa stundina nefnir Helga Vala risarækjupastarétt Berglindar á Gulur rauður grænn og salt. „Það eru reyndar nánast allar uppskriftir þaðan afbragð,“ segir hún. ■

Risarækjupasta í Sweet Chili rjómaostasósu

350 g De Cecco pasta
50 g smjör
1 msk. ólífuolía
1-2 rauð chili
skorin í þunnar sneiðar
½ þúrlaukur, sneiddur
5-8 hvítlauksrif, smátt söxuð
2 pakkar af risarækju frá Sælkerafiski
½ askja Philadelphia sweet chili rjómaostur
2 dl hvítvín
Salt og pipar
Steinselja smátt söxuð



Hitið olíu og smjör á þönnu. Steikið hvítlauk, þúrlauk og chili í 1 mínútu og bætið þá risarækjunum saman við.

Bætið rjómaosti saman við og síðan hvítvíni. Látið malla í smá stund og smakið til með rjómaosti, hvítvíni, salti og pipar.

Setið pastað í skál og látið risarækjurnar saman við. Stráíð jafnvel chili-flögum og smátt saxaðri steinselju saman við.



Luxaflex®



Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

			4		1		2	9
		8		3				
			5		6			
5	2		6	7	3			4
	7		3		4		1	
1			8	2	9			5
			7		8			
				6		8		
8	3		1		7			

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **VOR**. Ætli það verði ekki að teljast eitt af því sem öllum kemur í hug einhvers staðar á leiðinni þegar haustverkin taka við eftir sumarið og fólk sér fyrir sér í hyllingu á meðan það býr sig undir veturinn.

Haustverkin hafa eðlilega leitað á huga margra undanfarið enda segir bæði almanakið og veðrið okkur að nú sé kominn tími til að undirbúa sig fyrir veturinn og sinna því sem haustinu tilheyrir. En það er jú ansi margt sem

þessum árstíma tengist og því var síðasta hauststafa-súpa lítt tæmandi. Kannski er það að bera í bakkafullan lækinn að halda áfram á sömu eða svipuðum nótum. En það klára vist engin allt það sem haustinu tilheyrir á einni viku.

Hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega og það tuttugasta, leynigesturinn, er eitt af því sem líkt og vorið í síðustu gátu kemur hugsa ég jafnoft upp í huga fólks á haustin og þegar veturinn fer að minna á sig.

haustlitr uppskera arineldur kósíkvöld	tiltekt bókaútgáfa jóladaatal kertaljós	vetrarfrí foreldraviðtöl jólagjafir skafrenningur	sólstöður skautasvell hjólhýsageymsla skíði	fjölskylduboð námskeið gæsaskyttíri
---	--	--	--	---

A N F P S Á Ú B Ó Þ T F S Ú Á X X P Á D Á Ú H D H A J J Á P
K B Á F A É E G X S Y X I K A R I N E L D U R L Á Ó U L E Y
G H J E M É H V Á N V O M Ú N D J T A X E G K Y É H A D Í Í
A J R U Ú L I A É K Á Þ U I G A V T J Ó D D H I Ý D S S R X
É X Þ X V P Ý Ý U H Ó T I K E I S U O J Ó D É Í Ó Á Ó F Y Í
M Í I K F S Ó É Þ S Á Ú B T I Þ S G Ý D T H K Á Ú B R L D G
N L Ú Y F O F I P Í T Ý V M M K E E N O V G L É Í A G Ó L S
S Ú S Y H O E Í E Ó E L É E É T Ó P G G L P P S R U A I F G
U N F O P K Y U D É U H I U H É M D H É E L Y T G S F T T Þ
R V É V S M B F Y G D T X T B Þ A Þ I X L I E Ú K V V Ó S F
U F K M E R K Ú S K S D T H I S L G V E U V H D R B Á K V R
N Ú Á X J Ó L A G J A F I R Þ R D A V L G O É B H N N H Þ U
M N O K X Í Í J M L A V L H F Á É S M Í J P A Þ E M Ý A B Á
P I T Á U B F S P F P F T É É O A Í Á J S B P L K D I U I H
Þ S D A F P É I L Ú N Á E Y A T H R G Æ S A S K Y T T I R Í
N J G B G M S J Ý A Í Y K E U X D K R G É Í K Ý V Y Y O O Ó
M X N H Ó N Þ Þ P H X E T A X Ó Ú Ó J Á M Ú Þ S K A S I R H
Í R E S S K B Á F Þ D I K E U Á N S E F R P Y Þ Ú Þ T D É V
J Y U F U Á A U J O J S Þ L M T O Í Ú U L U U E S Ú Y T B Ó
A F Á F A F Ý Ú H Y R Y A V Í Ó B K E R T A L J Ó S U N J D
G F S X J É J T T Þ Ý E D A U L S V O M N B Á D K Á P O X B
M V R B B S X H J G Í M L V G Ú Y Ö M H Þ X H U É F P L P A
I J M N J O V R Y É Á Ú B D Ú B R L H K V Ó G É V Ý S Þ Á I
Á Ú V B R T J U E G O F T B R U F D Ó K V E M D Ý L K X B E
T V E N G L D Á K E P Ý A Í G A B A F P O N N S S H E D Í K
G N O R Ý J B L É H A N R N I F V A H J L Þ Ý B V Ó R F R P
Í M I S K Y H U Ó K L F I S U J T I U D Ú Þ K Y Þ Y A R Ý H
M Í O T K K H Ó D G A N É B Þ Ó Y I Þ Í Ý X S Í S F L P Á H
R J Y U X E Ó N G K N Ú O O V L Ó B O T D U P U P V P Ó Ý M
I Þ B Í L J N Y S E Ý H B I Ó A Þ J L O Ö O O P Þ R Ú A J M
B K H Þ R S F Á R É É U D V X D Í I N B A L O A U F R Þ N P
L D Í H T J P F Á D D S G Ý E A N M Á Ó B S P Þ P K T G Á Ý
J D Y K J R A H R L I Á P K Ú G G F U Y T U Ö A M G E R Y Ý
N Þ I U U K Í Y Y S A O X A J A Ý X K Þ Ý T T Ý O Ó P K S L
R É T R S G L K T Ú K G J K F T Y O X Y S I T D L M K P I X
É Ó Y R É U S Ó D H U Í O U Ð A L X Y L V T Í F F B J Y S S
G J E Y B L I M F X J D Þ Ý F L L R Ó O U O K Y L N G Í E Þ
E Ó É O Ö B A H B M Ú T Ý I O N G S Í G D F A I V T T Ý L N
X Ú H J Ó L Á S I D B I Y N B Ó G Ý P U Ú É Í D É O Í E Í V
Á X F I B J P S E V K M Þ É V H J Ó L H Ý S A G E Y M S L A

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15					16		17			
18				19			20			
			21			22				
23	24	25			26			27	28	29
30					31		32			
33				34		35				
36						37				
38						39				

- LÁRÉTT**
- 1. nýfallin snjór
 - 6. glaður
 - 11. kind
 - 12. kraftlítið
 - 13. afhending
 - 14. rangla
 - 15. snurfusa
 - 17. lögun
 - 18. háttur
 - 19. rún
 - 20. lokka

- 21. sýkja
- 23. íláta
- 26. átt
- 27. svifdýr
- 30. strengur
- 31. málmur
- 33. eldhúsáhalda
- 35. drabb
- 36. kk nafn
- 37. hindra
- 38. ólífnaður
- 39. að baki

- LÓDRÉTT**
- 1. dótari
 - 2. slitna
 - 3. flatfótur
 - 4. rekald
 - 5. púður
 - 6. hversu
 - 7. vog
 - 8. tileinka
 - 9. ferð
 - 10. embætti

- 16. stó
- 21. sögu
- 22. dansa
- 23. matjurt
- 24. klifun
- 25. fantur
- 27. kappsamt
- 28. halda
- 29. óskiptan
- 32. pest
- 34. ról



Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlaun
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



Af hverju kannast ég svona við þau?

Flestir kannast við að sjá sömu leikurunum bregða fyrir í hinu og þessu en þekkja þá ekki af nafni eða fyrri verkum. Oft eru sömu leikararnir að spretta upp hér og þar en virðast aldrei fá aðalhlutverk. Hvaða fólk er þetta og hvað heitir það?



BARRY SHABAKA HENLEY

Nafnið eitt og sér ætti að vera nóg til þess að fólk læri það utan að – en svo er ekki. Flestir kvikmynda- og sjónvarpsunnendur hafa séð þessum þaulreynda leikara bregða fyrir í hinum ýmsu hlutverkum en aldrei virðist hann fá annað en lítil aukahlutverk. Hann hefur leikið í fjölda kvikmynda sem leikstjórinn Michael Mann leikstýrir en svo virðist sem þeir séu miklir vinir. Barry lék til dæmis í þáttunum Better Call Saul og kvikmyndunum Rush Hour, Collateral og The Terminal.



ELIZABETH REASER

Eitt fyrsta starf Elizabeth var í einni vinsælustu sjónvarpsþætti tíunda áratugarins, The Sopranos. Okkar kona lék reyndar bara í einum þætti en það ornaði á fleiri gestahlutverk í stórum þáttaröðum á borð við Law & Order: Criminal Intent, Grey's Anatomy, True Detective, og Mad Men. Elizabeth hætti þó ekki þar og lék í stórmyndunum Twilight Saga og hinni geysivinsælu þáttaröð The Handmaid's Tale.



JENNIFER GREY

Jennifer Grey skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún fór með hlutverk Baby Houseman í Dirty Dancing (1987) sem varð ein vinsælasta kvikmynd níunda áratugarins. Síðustu áratugi hefur Jennifer komið fram í gestahlutverki í þáttum eins og Friends og House M.D. En þú hefur kannski ekki kannast við hana vegna fegurndargerðar sem hún gekkst undir á nefi. „Ég fór á skurðstofuna sem stjarna og var ómerkingur (e. nobody) þegar ég kom út,” sagði Jennifer.

GIOVANNI RIBISI

Antonino Giovanni Ribisi hefur leikið í fjölda kvikmynda svo sem Saving Private Ryan og Avatar, en hann hefur skrifað undir samning um að leika í fjölda framhaldsmynda um fagurbláu verurnar í Avatar. Þó Giovanni hafi leikið í mörgum stórmyndum eru færstir sem þekkja nafn hans og líklega muna flestir eftir honum sem undarlega bróður Pheobe í gamanþáttunum Friends.



CAROL POTTER

Carol Potter er bandarísk leikkona og þekktust fyrir hlutverk sitt sem Cindy Walsh í Beverly Hills, 90210, móður Brendu og Brandon Walsh. Hún hefur komið fram í gestahlutverki í nokkrum þáttum síðan þá, eins og NYPD Blue, Crossing Jordan, Greek og Medium.

EDDIE KAYE THOMAS

Eddie er einna þekktastur fyrir hlutverk sitt í American Pie-kvikmyndunum auk fjölda þáttaraða. Eddie er ekki sonur Mr. Bean, þó hann sé undarlega líkur honum. Eddie byrjaði að leika sjö ára gamall og lék í sínu fyrsta Broadway-leikriti 12 ára.



MYND/GETTY

MARGOT ROBBIE

Margot heimsótti ófá heimili hérlendis á hverjum degi í áströlsku þáttunum Nágrannar sem hafa verið sýndir hérlendis á Stöð 2 í áratugi, en fyrsti þátturinn var framleiddur 1985. Leikkonan kom fyrst fram í þáttunum 2008 og lék unglingsstúlkuna Donnu í þrjú ár. Fljótlega fór hún þó að gera það gott í Hollywood og er í dag afar eftirsótt og lék meðal annars á móti Leonardo DiCaprio í The Wolf of Wall Street og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í I, Tonya.

SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT Ágústa Eva Erlendsdóttir

STJÖRNUSPÁ an 11.09. – 17.09.

Þér líður eins og hjartað gæti sprungið af ást

Ágústa Eva Erlendsdóttir leik- og söngkona er fædd ljónynja. Eins og brakandi eldur þá hefur Ljónið tilhneigingu til að vera hlýtt, ástríðufullt og kraftmikið. Ljónin eru hugrökk, sterk og ófeimin að vera þau sjálf. Þau njóta sín oft í sviðsljósinu, en eru þó oft feimnari og minni í sér en þau láta í ljós.



MYND/SIGTRYGGUR ARI

Einsetumaðurinn


Sálarleit | Sjálfsskoðun | Einvera | Leiðsögn | Innsæi
Fyrsta spilið er leiðsögn, mælt er með því að draga sig í hlé frá amstri dagsins til þess að fá skýrari mynd af komandi tíma. Þegar maður stígur út fyrir ákveðnar aðstæður þá sér maður allt í betra ljósi. Það er líka svo endalaust gefandi að gefa sér tíma til þess að líta inn á við og gefa sér tíma til að átta sig á þörfum sínum.

Tía í Bikurum

Ást | Kærleikur | Samband | Jafnvægi
Mikil hamingja og kærleikur fylgir þessu spili. Þú finnur fyrir nægjusemi í þínum samböndum, bæði í ástarmálum og fjölskyldu. Þér líður eins og hjarta þitt gæti sprungið, það er svo mikil ást. Hér kemur inn sterkt samband þar sem mikil virðing og skilningur er fyrir hvoru öðru. Þetta spil kemur gjarnan upp þegar fólk hefur gefið sér tíma til þess að vera með sínum nánustu og þegar það hefur nært hvert annað á líkama og sál.

Hamingjuhjólíð

Velgengi | Karma | Örlög | Breytingar
Það fer ekki á milli mála að spilin eru þér hliðholl, það ríkir mikill friður og þróun í betri átt. Mikil sjálfsvinna skilar árangri allt um kring. Hjólíð er táknrænt fyrir breytingar og minnir þig á að valið er ávallt þitt. Stundum þarf maður bara að gefa sér tíma til að vita nákvæmlega hvert það er sem maður vill stefna.



Skilaboð frá spákonunni

Þú virðist bara vera alveg með þetta, veist hvað þú vilt og ert ófeimin að sækjast eftir því, áfram þú! Varstu annars búin að kaupa þér gróðurhús?

SVONA EIGA ÞAU SAMAN

Frímann fór á skeljarnar

Leikarinn Gunnar Hansson trúlofaðist kærustu sinni Hikoro Ara á dögunum. Gunnar Hansson er ástsæll leikari og hvað þekktastur fyrir túlkun sína á ljóðskáldinu, rithöfundinum, mannvininum og bóhemnum Frímanni Gunnarssyni. Það er ný þátta-röð í sýningu á RÚV.

Þarið greindi frá gleðitíðindunum á Facebook og lék DV forvitni á að vita hvernig þau eiga saman ef lítið er til stjörnumerkjanna.

Það getur verið viss áskorun fyrir Steingeitina og Tvíburann að láta samband sitt ganga. Þetta er vissulega ansi skrytinn þörun. En ef þau geta bæði lagað sig að persónuleika hins mun sambandið verða sterkara með tímanum og að lokum betra en nokkuð annað samband stjörnumerkjanna.

Tvíburinn á það til að vera algjör daðrari og hans hugmynd um hvað má og má ekki er aðeins óljósari en hjá reglusömu Steingeitinni. En hún lætur ekki auðveldlega plata sig og á auðvelt með að lesa Tvíburann og er fljót að átta sig á því þegar hann er að spinna lygavef.

Staðreyndin er sú að samband Steingeitarinnar og Tvíburans getur verið strembið. Lykillinn að hamingjusömu sambandi milli merkjanna er samskipti og þolinmæði. Finnið sameiginlegt áhugamál og verið dugleg að tjá ást ykkar hvort á öðru. ■



MYND/SAMSETT

Hikoro Ara
Steingeit
24. desember 1977
■ Ábyrg
■ Öguð
■ Góður stjórnanndi
■ Skynsöm
■ Besservisser
■ Býst við hinu versta

Gunnar Hansson
Tvíbur
26. maí 1971
■ Forvitinn
■ Mikil aðlögunarhæfni
■ Fljótur að læra
■ Skipulagður
■ Taugaóstyrkur
■ Ákvarðanafællinn

Tilfinningar, hreinsun og dulúð í kortunum...

♈ Hrútur
21.03. – 19.04.

Aukið sjálftraust flæðir til þín þessa vikuna, elsku Hrútur. Sjálfstraustið hjálpar þér að taka þær ákvarðanir sem henta þér best. Vinnan og heimilislífið gengur líka betur í kjölfarið. Þú ert á réttri braut.

♏ Vog
23.09. – 22.10.

Þú átt ekki sérlega auðvelt með að koma hlutum í verk þessa vikuna. Dagdraumar flækjast fyrir og þú nennir lítið að taka þátt í skyldum sem fylgja raunheiminum. Reyndu að gera pláss fyrir bæði, til þess að koma örliðu í verk.

♉ Naut
20.04. – 20.05.

Stundum þarf maður að ganga í gegnum smá hiksta til þess að ákveðið samband geti þroskast frekar. En það mun einmitt reyna aðeins á þessa vikuna. Ekki bugast, þú sérð síðar að þið verðið nánari eftir þessa uppkomu.

♍ Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Eitthvað þarf að þeyja upp starfsandann og þú gætir verið lausnir. Hvernig væri að plana litla óvissuferð til þess að hrista upp í líðinu? Það þarf ekki mikið til, en lítið framlag gæti skilað miklu.

♊ Tvíbur
21.05. – 21.06.

Þú ert með ansi marga bolta í loftinu þessa dagana. Þín lausn felst einfaldlega í því að biðja um hjálp og forgangsraða. Þér leiðist allavega ekki, sem er lúxusvandamál.

♈ Bogmaður
22.11. – 21.12.

Yfirnáttúrulegir hlutir eru að gerast í kringum þig. Skilaboð að handan? Ertu að hlusta? Þetta er dularfullt líf sem við lifum. Ef vinur þinn stingur upp á að fara í heilun þá er núna góður tími til þess að gefa sér tíma í það. Mögulega leynast svörin þar.

♋ Krabbi
22.06. – 22.07.

Ef það er einhvern tíma tími fyrir Krabba-dansinn þá er það núna! Og já, á almannafæri! Láttu vaða. Hverjum er ekki sama hvað öðrum finnst. Það ríkir mikil gleði á bak við þennan dans. Skemmtilegir tímar fram undan og lausnir á vandamálum í sjónmáli.

♎ Steingeit
22.12. – 19.01.

Hmm... Lastu ekki örugglega spána í síðustu viku, eða ertu bara enn þá að mana þig upp í að segja það sem þú ert að hugsa upphátt? Æfing í að setja mörk og tjá tilfinningar og skoðanir, mun létta á allri tilveru þinni. Persónulegur sigur er í kortunum þínum fyrir lok vikunnar.

♌ Ljón
23.07. – 22.08.

Út fyrir endamörk alheimsins! Þú ert Bósi ljósár þessa dagana og ert að huga að stórum breytingum. Ljónið er í stuði og finnst lífið of stutt til þess að taka ekki smá áhættu. Hlustaðu gaumgæfilega á þessa tilfinningu. Hver veit hvert hún leiðir þig?

♊ Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Ja, hérna hér. Það er ýmislegt sem kemur upp á yfirborðið þessa vikuna og kallar á smá hreinsun. Það gæti tekið á tilfinningalega en að lokum verður mikill léttir. Þú veist það nú þegar að það er kominn tími til að kveðja þá sem ekki upphefja okkur.

♊ Meyja
23.08. – 22.09.

Eitthvað vantar upp á rómantíkina þessa vikuna. Það er svo skrítið að vera einmana í samveru annarra. Mögulega getur þú sjálf/ur kryddað upp á tilveruna eða planað skemmtilegt stefnumót sem mun fylla upp í einmanaleikann. Stundum verðum við sjálf að vera breytingin sem við þurfum í líf okkar.

♈ Fiskur
19.02. – 20.03.

Fiskurinn er frekar næmur í eðli sínu. Í þessari viku ertu óvenju berdreymin/n. Geymdu dagbók við rúmið þitt. Og finndu svo gömlu draumaráðningabækurnar frá ömmu þinni. Leiðbeinendur að handan eru að reyna að hjálpa þér með næstu skref.

Máni Snær
Þorláksson
manisnaer@dv.is



Í vikunni greindi 433 frá því að landsliðsmennirnir tveir í enska landsliðinu, þeir Phil Foden og Mason Greenwood, hefðu boðið þeim Láru Clausen og Nadíu Sif Líndal upp á hótélherbergi til sín. Fréttirnar vöktu heimsat-hygli, enda eru þeir Foden og Greenwood heimsfrægir, en þeir spila hvor með sínu stórliðinu í Manchester-borg. Þeir félagar eru þó ekki þeir fyrstu til að koma sér í vandræði í COVID-faraldrinum.

Sagði fólki að vera heima en fór sjálfur út

Stjarna Aston Villa á síðasta tímabili, Jack Grealish, hvatti fólk til þess að halda sig heima vegna kórónuveirunnar í mars, en þá var útgöngubann í Bretlandi. Grealish var þó greinilega ekki að hlusta á sjálfan sig, þar sem hann fór sjálfur út daginn eftir. Ekki nóg með það að hann hafi brotið reglur útgöngubansins þá klessti hann líka glæsilega Range Rover bifreið sína. Götublöðin á Englandi sögðu að Grealish hefði klesst á tvo kyrrstæða bíla eftir að hafa verið í gleðskap hjá Ross McCormack, fyrrum liðsfélaga sínum hjá Astona Villa.

Fjölmiðlamaðurinn Piers Morgan hraunaði yfir Grealish á sjónvarpsstöðinni ITV eftir fréttirnar. „Hann var að gera rétt þangað til hann ákvað að heimsækja vini sína í gleðskap, hvað er hann að hugsa? Hvað varð um að vera skynsamur?“ sagði Piers Morgan. „Það hjálpar ekki ástandinu þegar stjarna í enskum fótbolta, brýtur reglurnar. Hann er fyrirmynd, skammastu þín drengur.“

Grealish þurfti að horfast í augu við afleiðingar hegðunar sinnar. Hann baðst afsökunar á hegðun sinni á samfélagsmiðlum sínum en afsökunarbeiðnin dugði þó ekki til ein og sér. Hann þurfti einnig að borga 150 þúsund pund í sekt til Aston Villa, en það eru rúmar 27 milljónir í íslenskum krónum. Félagið sagði að öll sektin myndi renna til góðgerðarmála.

Bauð vændiskonum heim


Kyle Walker, leikmaður enska landsliðsins og Manchester City, játaði í mars að hafa keypt þjónustu hjá vændiskonum á meðan útgöngubann var í gildi í Bretlandi. Reglurnar voru skýrar um að ekki mætti bjóða fólki heim til sín, en Walker ákvað þrátt fyrir það að fá tvær vændiskonur heim til sín á þriðjudagskvöldi. Walker borgaði þeim Louise McNamara og ónefndri brasilískri konu samtals 2.200 pund fyrir heimsóknina. Það eru rúmlega 400 þúsund íslenskar krónur.

Walker sá eftir þessu og sendi frá sér yfirlýsingu eftir að greint var frá þessu.



Jack Grealish klessti bílinn sinn.

MYND/GETTY



Kyle Walker fékk til sín vændiskonur.

MYND/GETTY

KNATTSPYRNUSTJÖRNUR SEM KLÚÐRUÐU Í COVID

Þrátt fyrir að Bretland hafi fengið slæma útreið í faraldrinum virðast atvinnumenn í fótbolta ekki hafa látið það stoppa sig við að skemmta sér. Þeir Mason Greenwood og Phil Foden eru ekki einu Englendingarnir sem klúðruðu rækilega í kórónaveiru-faraldrinum.



Arron Scholes í partýinu.

„Ég vil biðjast afsökunar á þeim ákvörðunum sem ég tók í síðustu viku. Ég skil að í stöðu minni sem atvinnumaður, þá ber ég ábyrgð og er fyrirmynd,“ sagði Walker í yfirlýsingunni. „Ég vil biðja fjölskyldu mína, vini, fótboltafélagið mitt og alla afsökunar, á að hafa brugðist þeim.“

Svo virðist þó vera sem Walker hafi ekki lært af þessum mistökum en snemma í maí braut hann aftur reglur útgöngubansins, ekki bara einu sinni í þetta skiptið heldur þrisvar sinnum á einum degi. Walker heimsótti systur sína, svo foreldra sína og loks fyrrverandi eiginkonu sína og börn.

„Ég tel mig ekki hafa neinn annan kost en að tjá mig eftir frétt dagsins,“ sagði Walker eftir þetta. „Ég hef farið í gegnum erfiðasta kafla lífs míns undanfarið, ég tel að ég verði að tjá mig. Þetta hefur ekki bara áhrif á mig, þetta hefur áhrif á heilsu fjölskyldu

minnar og barnanna minna. Ég fór á miðvikudag í heimsókn til systur minnar með afmæliskort, ég vildi líka ræða við aðila sem ég treysti. Hún faðmaði mig, hvað átti ég að gera? Ég fór svo til foreldra minna til að sækja mat. Þetta hefur verið erfitt fyrir þau. Hvað hafa þau gert til að vera birt í fjölmiðlum?“

Hélt risastórt partý

Fyrrum knattspyrnumaðurinn Paul Scholes hélt risastórt partý fyrir son sinn á heimili sínu í Oldham á Englandi, daginn sem útgöngubann var sett á aftur í borginni í ágúst. Paul Scholes, sem spilaði með Manchester United allan sinn feril, hélt upp á afmæli Arron Scholes, sonar síns, í ágúst en Arron var að fagna 21 árs afmæli sínu. Í myndböndum sem tekin voru upp í veislunni má sjá að fólk þar hugsaði lítið um sóttvarnaviðmið á meðan það drakk áfengi og dansaði. Veislan hélt áfram fram

á nótt, á sama tíma og milljónum manna á sama svæði var bannað að koma saman í eigin húsum.

Partýið vakti hörð viðbrögð þar í landi, en til að mynda sagði þingmaðurinn Andrew Bridgen að Scholes væri að setja virkilega lélegt for-dæmi. „Ég bjóst við að fyrirmynd sem spilaði 66 leiki með Englandi myndi sýna meiri ábyrgð. Fólk í Oldham gerir sér fulla grein fyrir því að svona ábyrgðarlaus hegðun er ástæðan fyrir því að útgöngubann var sett á aftur.“

Fólk sem býr í Oldham tjáði sig einnig um málið í fjölmiðlum þar í landi. „Fjölskyldan hefur verið að skipuleggja þetta í margar vikur. Upphaflega átti veislan að fara fram á hóteli en þau þurftu að hætta við það. Skömmu síðar fór orðrómur af stað um að veislan yrði haldin heima hjá þeim frekar. Þetta er brjálæði, þau hunsuðu allar reglur bara því þau vildu halda veisluna.“ ■

Allt fyrir leikherbergið

Körfur



Poolborð m/borðtennisborði



Þythokkíborð




Píluspjöld



Frisbígolfdiskar



X-BALL Sunflex



Fótboltaborð



Ping Pong.is

SAND KORN



MYND/INSTAGRAM @NADIASIF

Moka inn á Instagram

Vinkonurnar og frænkurnar Nadía Sif Líndal og Lára Clausen vöktu athygli heimsins þegar greint var frá heim-sókn þeirra á Hótel Sögu til ensku landsliðsmannanna Phil Foden og Mason Greenwood. Fjölluðu margir stærstu miðlar heims á borð við BBC, The Sun, Ekstra Bladet og The Times um málið, auk þess sem samfélagsmiðlar loguðu. Eftir fréttirnar fengu þær Nadía og Lára mikla athygli á samfélagsmiðlum og hafa rakað inn mörgum þúsundum fylgjenda á samfélagsmiðlinum eftir fréttirnar. Nadía er komin upp í 29 þúsund fylgjendur en Lára í tæplega 17 þúsund fylgjendur.

Sveðjur og sálfræðipjónusta

Brynjúlfur Jóhannson auglýsti á dögunum þjónustu sína sem „ófaglærður sálfræðingur“ á Facebook-síðu sinni. Í samtali við blaðamann kom fram að ekki er um grín að ræða. Hann sagði það að vera ekki lærður gera það að verkum að hann sé óhefðbundnari en aðrir. Í raun mætti kalla alla ófaglærða sálfræðinga, nema einmitt sálfræðinga! Brynjúlfur hefur áður komist í fréttir, það var árið 2017 fyrir að flytja ólöglega inn fimm sveðjur sem voru gerðar upptækar við komu hans til landsins frá Gvatemala. Brynjúlfur komst svo aftur í fréttir 2017 þegar hann sat í fangelsi í sex daga fyrir að bera á borð sveppi og kannabis fyrir framan Alþingi. Sagðist hann hafa verið dæmdur fyrir að bjóða upp á góða stemmingu. ■



Stemmari

LOKI



Stillanlegt rúm, Ambassador*
Verð frá:
591.900.-

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*
Verð frá:
392.700.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími,
- ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental*
Verð frá:
467.300.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.